





# UMFÍ

## 50. SAMBANDSÞING

HALLORMSSTAÐ, OKTÓBER 2017




JAKO
JAKO

# ÁRSSKÝRSLA UMFÍ

**50. SAMBANDSÞING UMFÍ** - HALLORMSSTAÐ, 14.-15. OKTÓBER 2017

# EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS. . . . . 9
STJÓRN UMFÍ. . . . . 10
STARFSSTÖÐVAR . . . . . 11
STARFSFÓLK. . . . . 12
20. UNGLINGALANDSMÓT . . . . . 14
7. LANDSMÓT UMFÍ 50+. . . . . 18
HREYFIVIKA UMFÍ . . . . . 20
LAUGAR. . . . . 22
UNGT FÓLK TIL ÁHRIFA . . . . . 24
FORVARNIR OG LÝÐHEILSA . . . . . 26
LOTTÓ. . . . . 30
SJÓÐIR UMFÍ . . . . . 32
EVRÓPA UNGA FÓLKSINS . . . . . 34
SKINFAXI. . . . . 36
ÞJÓNUSTA VIÐ SAMBANDSAÐILA . . . . . 38
UMHVERFI OG NÁTTÚRA . . . . . 40
NEFNDIR UMFÍ . . . . . 42
ÖFLUGT SAMSTARF SKILAR ÁRANGRI . . . . . 44
ERLEND SAMSKIPTI . . . . . 46
VIÐURKENNINGAR . . . . . 48
HEIÐRANIR. . . . . 50
FUNDIR . . . . . 54
LÖG UMFÍ . . . . . 56
ÁRSREIKNINGUR. . . . . 60
LANDSMÓT UMFÍ FRÁ UPPHAFI . . . . . 72
SAMBANDSAÐILAR . . . . . 74





# ÁVARP FORMANNS UMFÍ



**Ágætu ungmennafélagar**
Nú er að ljúka tveggja ára kjörtímabili þeirrar stjórnar sem nú situr. Á slíkum tímamótum er tækifæri til að líta yfir farinn veg og meta stöðu hreyfingarinnar, gildi hennar og mikilvægi. Á þeim tveimur árum sem liðin eru hefur verið í mörg horn að líta og miklar annir. Að mínu mati er árangurinn góður, vel var unnið, bæði af stjórnarfólki UMFÍ og sérstaklega starfsfólki okkar.

Það hefur verið ánægjulegt að starfa með öllu unga og áhugasama fólkinu í hreyfingunni. Við þurfum að virkja og efla ungu kynslóðina enn frekar, áður en hún tekur við af okkur eldri í nánustu framtíð. Þau þurfa að nýta sér reynsluna. Lykillinn að góðum árangri er samvinna kynslóðanna.

Ég hef oft talað um að við, sem sitjum í stjórn UMFÍ, eigum ekki að skipa fyrir ofan úr fílabeinsturni. Við eigum að vinna fyrir heildina, koma sem flestum sambandsaðilum og félögum til góða.

**Fjölbreytt verkefni í samræmi við stefnu UMFÍ**
Ungmennafélag Íslands vann um nokkurra ára skeið að mótun nýrrar stefnu. Þeirri vinnu lauk að mestu í kringum síðasta sambandsráðsfund fyrir ári. Fljótlega eftir það var farið að vinna í samræmi við stefnuna. Ég fagna útgáfu stefnunnar, sem við getum borið á borð og flaggað hvar sem er. Þetta er okkur í hreyfingunni afar mikilvægt til að byggja starfið og vinnu okkar á. Með nýja stefnu á lofti stefnum við áfram inn í nýja og betri tíma, sterkari en nokkru sinni fyrr.

Verkefni ungmennafélagshreyfingarinnar hafa gengið vel. Flaggskipið er Unglingalandsmót UMFÍ. Það er svo jákvætt og skemmtilegt fyrir allar þær fjölmörgu fjölskyldur sem mæta á mótið. Starfsemi ungmenna- og tómstundabúðanna að Laugum í Sælingsdal hefur gengið vel. Vinsældir búðanna eru miklar um allt land og þær fá mjög góða umsögn frá nemendum og kennurum sem hafa dvalið þar. Um leið er það fjármagn sem fæst til reksturs búðanna í lágmarki og þarf að auka það á næstu misserum. Blikur eru þó á lofti varðandi rekstur búðanna þar sem húseignir að Laugum hafa verið auglýstar til sölu.

Landsmót 50+ hefur vaxið hægt en stöðugt og ég tel rétt að rýna vel í það hvernig við getum aukið fjölda þátttakenda á mótinu. Hreyfivikan vex svo með hverju árinu. Öllum þessum verkefnum þarf að sinna vel og fá breiða þátttöku í þeim. Það getum við í UMFÍ!

**Samvinna skilar árangri**
Forystufólk UMFÍ hefur átt nokkra fundi með lykilfólki í Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ). Fundirnir hafa verið jákvæðir og skilað sér í meiri samvinnu íþróttahreyfingarinnar en nokkru sinni fyrr. Dæmi um góðan árangur af samvinnunni er verkefnið Sýnum karakter sem hefur fengið afar góðar viðtökur hjá forsvarsmönnum íþróttafélaga, þjálfurum og fleirum sem þurfa á að halda. Fleiri samstarfsverkefni með ÍSÍ eru í farvatninu. Á góðri samvinnu hagnast allir.

Vinna í samræmi við nýsamþykkta stefnu UMFÍ birtist í mörgum verkefnum sem unnin hafa verið í þágu sambandsaðila. Þar á meðal er samningur UMFÍ um skjalastjórnunar- og vistunarkerfi sem mun nýtast öllum. Þá var gerður samningur til fimm ára við Greiðslumiðlun um kerfið Nora sem hentar vel fyrir mótahald okkar. Kerfið gafst afar vel, bæði á Unglingalandsmóti UMFÍ og Landsmóti UMFÍ 50+ á þessu ári. Sambandsaðilum UMFÍ stendur einnig til boða að nýta kerfið fyrir viðburði sína.

Bætt lýðheilsa er eitt af mikilvægustu verkefnum sem við stöndum frammi fyrir hér á landi. Því hef ég oft bent á að það er í raun nauðsyn að stjórnvöld og íþrótta- og ungmennafélagshreyfingin snúi bökum saman með það fyrir augum að bæta heilsu Íslendinga. Ekki þarf mikið til að árangur sjáist. Með samvinnu er hægt með skipulagðri hreyfingu að lækka kostnað hins opinbera við rekstur heilbrigðiskerfisins. Við, sem fórum til Danmerkur í sumar, fræddumst um það hvernig danska ríkið gerir samninga við danska ungmennafélagið og danska íþróttasambandið um samvinnu um þessi mikilvægu mál.

UMFÍ og sambandsaðilar þess hafa verulegar tekjur frá Íslenskri Getspá og Getraunum. Það er afar ánægjulegt að þessi fyrirtæki hafa skilað hreyfingu okkar og öðrum eigendum sínum betri afkomu en áður hefur verið. Það er þó ekki hægt að treysta því að sá jákvæði rekstur sem verið hefur nú undangengin ár verði alltaf betri og jákvæðari. Það er óraunhæft, sveiflur eru í slíkum rekstri. Verum því viðbúin því að sjá misjafna afkomu þessara fyrirtækja.

**Evrópa unga fólksins kveður**
Evrópa unga fólksins (EUF) hefur starfað í húsnæði UMFÍ í nálægt áratug. Síðasta sumar ákvað stjórn UMFÍ að segja upp samningi um rekstur Evrópu unga fólksins við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ástæður þess voru að stærstum hluta að vegna óhagstæðrar gengisþróunar sem rýrði rekstrarféð. Ekki þótti réttlætanlegt að hreyfing okkar yrði að greiða með rekstrinum úr eigin sjóðum.

**Innganga íþróttabandalaga**
Á 49. sambandsþingi UMFÍ í Vík í Mýrdal árið 2015 var samþykkt að gera íþróttabandalögum kleift að sækja um inngöngu í UMFÍ. Unnið hefur verið að tillögum er það varða á starfstíma þeirrar stjórnar UMFÍ sem þá tók við og nú situr. Tillaga sú, sem verður lögð fyrir á þessu 50. sambandsþingi UMFÍ, er afrakstur starfshóps sem stjórn UMFÍ setti á fót vegna málsins.

Ég tel að tillagan sjálf og allt sem henni fylgir sé vel unnið og ígrundað. Með tillögunni fylgja hugmyndir að breytingum á lögum UMFÍ og reglugerð UMFÍ um lottó.

Ég styð heils hugar inngöngu íþróttabandalaga að UMFÍ. Ég er sannfærður um að inngangа þeirra muni styrkja og efla UMFÍ sem öflugt landssamband allra íþróttahéraða í landinu. Ég vona að þingfulltrúar taki ákvörðun út frá góðum upplýsingum um kosti og galla þess að stækka samtökin og víkka út gildi ungmennafélagshreyfingarinnar en ekki út frá einföldum lagakrókum sem sumir eru barn síns tíma. Það skiptir nefnilega ekki máli hver við erum, það sem öllu máli skiptir er hvað við gerum

**Framtíðin í okkar höndum**
Ég hef séð jákvæðar breytingar á samskiptum og viðmóti innan UMFÍ á síðastliðnum tveimur árum. Það er jákvætt skref sem mun styrkja starf okkar í hreyfingunni í framtíðinni.

Munum að framtíðin er okkar og að velgengni ungmennafélagshreyfingarinnar er í höndum okkar. Ég hvet til þess að sú gleði og jákvæðni sem hefur verið innan hreyfingarinnar haldist – og eflist! Ánægja í starfi innan og á vegum samtaka okkar er forsenda þess að vel gangi. Leyfum okkur að horfa til framtíðar og nýta tækifærin sem þar liggja, hreyfingunni og samfélaginu til góða. Snúum bökum saman og tölum einni röddu. Saman skulum við í UMFÍ gera gott starf enn betra.

Með ungmennafélagskveðju,
Haukur F. Valtýsson

# STJÓRN UMFÍ 2015 – 2017



## FREMRI RÖÐ FRÁ HÆGRI:

**Haukur Valtýsson**, formaður
**Ragnheiður Högnadóttir**, meðstjórnandi
**Örn Guðnason**, varaformaður
**Guðmundur Sigurbergsson**, varastjórn

## AFTARI RÖÐ FRÁ HÆGRI

**Björn Grétar Baldursson**, meðstjórnandi
**Sigurður Óskar Jónsson**, varastjórn
**Gunnar Gunnarsson**, meðstjórnandi
**Hrönn Jónsdóttir**, ritari
**Helga Jóhannesdóttir**, gjaldkeri
**Þorgeir Örn Tryggvason**, varastjórn
Á myndina vantar **Kristinn Örn Grétuson**.
Hann sagði sig úr varastjórn UMFÍ í byrjun sumars 2017.

# STARFSSTÖÐVAR UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ, aðildarfélögum og félagsmönnum veitt ýmis þjónusta. Þar er aðstaða til fundahalda sem er nýtt af hinum ýmsu nefndum til nefndarstarfa, funda og fleira.

Í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík starfa
Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri
Helgi Gunnarsson, fjármálastjóri
Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi
Sabína St. Halldórsdóttir, landsfulltrúi
Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi
Guðbirna K. Þórðardóttir, fulltrúi

UMFÍ rekur einnig þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Þar starfar Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi og framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ.

Á Laugum í Sælingsdal rekur UMFÍ ungmenna og tómstundabúðir fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla.

Á Laugum starfa
Anna Margrét Tómasdóttir, forstöðukona
Jörgen Nilsson, tómstundaleiðbeinandi
Gunnar Már Gunnarsson, tómstundaleiðbeinandi og starfsmaður Sælingsdalslaugar
Hrönn Jónsdóttir, tómstundaleiðbeinandi
Marta Sigurðardóttir, matráður
Vladimir Babic, tómstundaleiðbeinandi
Céline Castel, matráður
Tomáš Hub, tómstundaleiðbeinandi

Fram til 1. júlí 2017 var skrifstofa Evrópu Unga Fólksins hjá UMFÍ en þá fluttist starfsemin yfir til Rannís.

## ÖNNUR STARFSEMI Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐINNI

- **Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA)**
  hefur lengi haft aðstöðu til funda í þjónustumiðstöð UMFÍ.

- **Félagasamtökin Fræðsla og forvarnir – FRÆ**
  og er Árni Einarsson framkvæmdastjóri þeirra, með skrifstofu í þjónustumiðstöðinni.

- **Landssamband eldri borgara (LEB).**
  Þórunn Sveinbjörnsdóttir er formaður LEB með aðstöðu í miðstöðinni.

- **Samtök íslensks markaðsfólks (ÍMARK)**
  hefur leigt skrifstofuaðstöðu í þjónustumiðstöðinni frá í ágúst 2017. Framkvæmdastjóri ÍMARK er Jón Þorgeir Kristjánsson og er hann með aðstöðu í húsinu.

- **Æskulýðsvettvangurinn (ÆV)**
  Æskulýðsvettvangurinn flutti skrifstofu sína í þjónustumiðstöðina í byrjun árs 2017. Sema Erla Serdar er verkefnastýra en UMFÍ eitt af fjórum aðildarfélögum Æskulýðsvettvangsins.

- **Lífeyrissjóðurinn Brú**
  Lífeyrissjóðurinn Brú hefur aðstöðu fyrir fjóra starfsmenn í þjónustumiðstöð UMFÍ.






## STARFSFÓLK UNGMENNA- OG TÓMSTUNDABÚÐANNA AÐ LAUGUM Í SÆLINGSDAL

**Anna Margrét Tómasdóttir**, forstöðukona
**Jörgen Nilsson**, tómstundaleiðbeinandi
**Gunnar Már Gunnarsson**, tómstundaleiðbeinandi og starfsmaður Sælingsdalslaugar
**Hrönn Jónsdóttir**, tómstundaleiðbeinandi
**Marta Sigurðardóttir**, matráður
**Vladimir Babic**, tómstundaleiðbeinandi
**Céline Castel**, matráður
**Tomáš Hub**, tómstundaleiðbeinandi

# STARFSFÓLK UMFÍ



## STARFSFÓLK Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

**Frá vinstri:**
**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**, kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfaxa
**Ragnheiður Sigurðardóttir**, landsfulltrúi
**Sabína Steinunn Halldórsdóttir**, landsfulltrúi
**Auður Inga Þorsteinsdóttir**, framkvæmdastjóri
**Guðbirna K. Þórðardóttir**, fulltrúi
**Helgi Gunnarsson**, fjármálastjóri

**Ómar Bragi Stefánsson** er framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ. Skrifstofa hans er á Sauðárkróki




538 442

## UMFÍ EFLIR ÞÁTTTÖKU Í ÍÞRÓTTUM OG HREYFINGU

UMFÍ leggur áherslu á íþróttaiðkun, hreyfingu og bætta lýðheilsu fyrir alla. UMFÍ vinnur markvisst að því að skapa vettvang og verkefni sem mæta þörfum landsmanna og hvetur þá til þátttöku.

# 20. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

## 2017 Á EGILSSTÖÐUM

### UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

var haldið á Egilsstöðum um verslunarmanna helgina 2017. Þetta var 20. Unglingalandsmót UMFÍ og var mótshaldarinn Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) og Fljótsdalshérað.

Ómar Bragi Stefánsson var sem fyrr framkvæmdastjóri mótsins og sá hann um skipulagningu þess ásamt framkvæmdanefnd. Margrét Sigríður Árnadóttir var ráðin verkefnastjóri Unglingalandsmótsins. Hún hafði þá komið að skipulagningu margra viðburða á Austurlandi, vinnur m.a. sem verkefnastjóri hjá viðburða- og þjónustufyrirtækinu Austurför á Egilsstöðum. Fyrirtækið rekur meðal annars Egilsstaðastofu, tjaldsvæðið á Egilsstöðum og sinnir verkefnum fyrir Þjónustusamfélagið á Héraði ásamt viðburðastjórnun.

Mikið var lagt í undirbúning mótsins. Í byrjun árs 2017 var kynningarefni fyrir mótið framleitt. Því var dreift á þingum sambandsaðila og helstu viðburðum íþróttafélaga fram að miðju sumri. Þegar nær dró móti var það auglýst í blöðum, útvarpi, á netmiðlum og samfélagsmiðlum.

Keppni hófst í golfi fimmtudaginn 3. ágúst. Það var sett föstudaginn 4. ágúst á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum. Viðstaddir voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra. og var því slitið á sama stað að kvöldi 6. ágúst.

Keppendur voru 980 talsins á aldrinum 11 – 18 ára, 538 strákar og 442 stúlkur. Flestir keppendur voru 12 ára en fæstir 11 ára og 18 ára. Sem fyrr kepptu flestir í knattspyrnu, körfubolta og frjálsum íþróttum. Á síðasta degi mótsins var keppt í kökuskreytingum. Keppnin sló í gegn og voru rúmlega 100 þátttakendur skráðir til keppni.

Á meðan Unglingalandsmótinu stóð var boðið upp á heilmikla afþreyingu fyrir alla þá sem fylgdu keppendum. Hægt var að fara í ratleiki, minigolf, spila fótbolta á pannavelli og fara í víkingaleiki ásamt mörgu öðru. Á kvöldin voru skemmtanir í tjaldi á mótssvæðinu við íþróttamiðstöðina á Egilsstöðum. Þar komu fram helstu tónlistarmenn og hljómsveitir landsins, Aron Hannes, Amabadama, Ká-Aká, Úlfur Úlfur, Emmsjé Gauti, Hildur og fleiri.

**99,6%**
**MÓTSGESTA**
**LÍKAÐI VEL EÐA MJÖG VEL**

**99,5%**
**MÓTSGESTA**
**MYNDU MÆLA MEÐ MÓTINU VIÐ AÐRA**

„Þetta er klárlega skemmtilegasti viðburður ársins!“

„Þetta er alvöru fjölskyldumót sem enginn ætti að missa af“











„Við skulum halda í ungmennafélagsandann eina og sanna, ræktun lýðs og lands. Það er svo mikilvægt að setja sér markmið og vinna saman, ekki bara í íþróttum heldur lífinu öllu. Við erum samfélag þar sem allir eiga að geta spreytt sig, skarað fram úr ef vel gengur en hlýtt um leið sanngjörnum reglum í heiðarlegri keppni."

**Guðni Th. Jóhannesson,**
forseti Íslands.

„Mér fannst mótið takast einstaklega vel. Skipulag mótsins var frábært og ég hef ekki heyrt neitt neikvætt frá neinum. Svona mót hafa gífurlega þýðingu fyrir samfélagið, það er alltaf gott að fá gesti í bæinn. Sérstaklega þá sem hafa aldrei komið áður til Egilsstaða.

**Björn Ingimarsson,**
bæjarstjóri á Fljótsdalshéraði.

„Hjá mörgum fjölskyldum um land allt er landsmótið orðið að ómissandi viðburði á hverju ári. „Það er jákvætt því slík samvera treystir fjölskyldubönd og stuðlar jafnframt að því að framtíð unglinga byggi á traustum grunni."

**Kristján Þór Júlíusson,**
mennta- og menningarmálaráðherra

„Það var búið að segja mér að þetta væru skemmtileg mót. Ég mætti fyrst í Borgarnes í fyrra og var með tvö börn á Egilsstöðum í fótbolta og frjálsum og dæmdi sjálfur. Þetta var meiriháttar. Unglingalandsmót er mót sem allir foreldrar eiga að fara á með börnum sínum. Það er alveg geggjuð samvera fjölskyldunnar."

**Ívar Ingimarsson,**
fyrrverandi landsliðsmaður í knattspyrnu.

# 20. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

## 2017 Á EGILSSTÖÐUM

### KEPPNISGREINAR

Boccía, bogfimi, fimleikalíf, fjallahjólreiðar, frisbígolf, frjálsar íþróttir, glíma, golf, götuhjólreiðar, knattspyrna, kökuskreytingar, körfuknattleikur, motocross, ólympískar lyftingar, rathlaup, skák, skotfimi, stafsetning, strandblak, sund, UÍA þrekmót og upplestur.

### UNGLINGALANDSMÓTSNEFND

Nefndin var þannig skipuð: Björn Ingimarsson, Gunnar Gunnarsson Bylgja Borgþórsdóttir, Böðvar Bjarnason, Guðbjörg Agnarsdóttir, Hreinn Halldórsson, Óðinn Gunnar Óðinsson, Sandra Ásgeirsdóttir, Aðalheiður Vilbergsdóttir, Sigurður Óskar Jónsson, Rebekka Karlsdóttir, Davíð Sigurðarson, Benedikt Jónsson, Reynir Zöega, Jósef Auðunn Friðriksson og Ómar Bragi Stefánsson.

### HELSTU STYRKTARAÐILAR

Alcoa
Eimskip
Landsbankinn
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Motus
Nettó
Vífilfell

### FIMM Í LOFTFIMLEIKUM

Danski fimleika- og sýningahópurinn Motus Teeterboard var á Unglingalandsmótinu alla helgina. Hópurinn sló í gegn í hæfileikakeppninni Denmark Got Talent árið 2016. Hann samanstendur af fimm hressum strákum á þrítugsaldri sýna loftfimleika. Motus-strákarnir eru þaulreyndir fimleikakappar og hafa þeir verið á meðal helsta fimleikafólks Danmerkur. Þeir sérhæfa sig í loftfimleikum með vegasalti (e. teeterboard).



Aldursskipting þátttakenda 2015 - 2017 á ULM




Þátttaka drengja og stúlkna eftir Unglingalandsmótum UMFÍ 2011 - 2017






„Ég skemmti mér konunglega við að fylgjast með keppnisgreinum og sýningum og ætlaði aldrei að geta slitið mig frá kennslu í línudansi, sem var afar skemmtileg og fjölmenn.

Landsmótið setti mikinn svip á bæjarlífið þessa helgi og vakti athygli víða. Við mótsslit bauð ég Hveragerði fram aftur sem vettvang þessa landsmóts en ég held að það hefði ekki verið gert ef bæði bæjaryfirvöld og bæjarbúar hefðu ekki verið yfir sig ánægð með það hvernig til tókst. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim fjölmörgu sem gerðu þennan viðburð jafn glæsilegan og raun bar vitni“

**Aldís Hafsteinsdóttir,**
bæjarstjóri í Hveragerði

# 7. LANDSMÓT UMFÍ 50+

## 2017 Í HVERAGERÐI

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Hveragerði dagana 23. – 25. júní 2017. Landsmót UMFÍ 50+ var fyrst haldið árið 2011 og var þetta því sjöunda mót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri. Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) var mótshaldari.

Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ og framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ, hélt sem fyrr um alla þræði, stýrði undirbúningi og framkvæmd mótsins í þriðja sinn. Ekki var ráðinn sérstakur verkefnastjóri vegna mótsins líkt og á Ísafirði sumarið 2016.

Landsmót UMFÍ 50+ hófst eins og venja er á föstudegi og lauk því á sunnudegi. Mótið var sett við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu í Hveragerði. Heimamenn komu fram við setninguna. Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson tók lagið og sýndi fimleikahópur listir sýnar. Við setninguna var keppt í línudansi. Sameiginlegur kvöldverður og kvöldskemmtun var haldin í annað sinn á mótinu í Hveragerði. Sú fyrsta var á Ísafirði árið 2016 og mæltist vel fyrir. Á kvöldskemmtuninni var veislustjóri eftirherman Hjörtur Benediktsson og spilaði PASS fyrir dansi.

Keppt var í 18 greinum á mótinu. Vinsælustu greinarnar voru sem fyrr boccía og pútt ásamt stígvélakasti. Áhorfendur höfðu mikinn áhuga á keppni í pönnukökubakstri. Yngri keppendur á mótinu voru áhugasamir um throwdown, utanvegahlaup og þríþraut auk þess sem allir aldurshópar kepptu í ringó.

### KEPPNISGREINAR

Badminton, bridds, boccía, frjálsar íþróttir, fuglagreining, golf, jurtagreining, línudans, pútt, pönnukökubakstur, ringó, skák, stígvélakast, strandblak, sund, throwdown, ttanvegahlaup, þríþraut.

### LANDSMÓTSNEFND 50+

Nefndin var þannig skipuð: Gísli Páll Pálsson, Jóhanna M. Hjartardóttir, Guðmundur Jónasson, Guðríður Aadnegard, Sigrún Kristjánsdóttir, Flemming Jessen, Friðrik Sigurbjörnsson, Hjalti Helgason, Örn Guðnason.

### HELSTU STYRKTARAÐILAR

Arion banki
Kjörís
Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili
Eimskip

**Þátttaka kvenna og karla á Landsmóti UMFÍ 50+**









„Sundpartýið tókst mjög vel. Það sló í gegn bæði hjá sundiðkendum og almenningi í sundlaug Sauðárkróks. Við gerum þetta örugglega aftur.“

**Þorgerður Eva Þórhallsdóttir,**
sundþjálfari

# HREYFIVIKA UMFÍ

29. MAÍ – 4. JÚNÍ



Ungmennafélag Íslands hefur frá árinu 2012 tekið þátt í evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move. Hér á landi kallast herferðin Hreyfivika UMFÍ. Markmið verkefnisins er að fá hundrað miljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020. Rannsóknir sína að einungis þriðjungur íbúa í Evrópu hreyfa sig reglulega.

Jafnframt er það markmið verkefnisins að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum reglulega. UMFÍ hvetur alla til að finna sína uppáhalds hreyfingu og stunda hana reglulega eða að minnsta kosti í 30 mínútur daglega.

Verkefnið hefur vaxið ár frá ári hér á landi, stöðugt taka fleiri sambandsaðilar UMFÍ og sveitarfélög þátt og viðburðum fjölgar. UMFÍ fagnar öllum þeim sem áhuga hafa á að taka þátt og breiða út boðskapinn um mikilvægi hreyfingar fyrir alla.

Árið 2017 fór vikan fram 29. maí – 4. júní. Alls voru það um 150 boðberar víðs vegar um landið sem stóðu fyrir um 490 viðburðum í 60 bæjarfélögum. Áætlað er að um 43.000 þátttakendur hafi tekið þátt.

Fyrirkomulagið á Hrefiviku UMFÍ var það sama og síðast liðin ár, þ.e. að áhugasamir boðberar hreyingar leggji sitt af mörkum í nærumhverfi sínu. Þetta leiðir til þess að margar frumlegar og óhefðbundnar leiðir spretta upp til þess að koma fólki á hreyfingu. Dæmi um þetta er, samflot á Akranesi, jarðfræðiganga, ringó í Borgarnesi, plankaáskorun, fílafótbolti og hreyfipubquiz.

## HUNDRAÐ MANNS Í JÓGA Í REYKJANESBÆ

Setning Hreyfivikunnar var með öðrum hætti en undanfarin ár, UMFÍ tók myndarlegan þátt í viðburði í Reykjanesbæ miðvikudaginn 24. maí þar sem boðið var upp á jóga. Um hundrað manns á öllum aldri togaði sig og teygði í blíðskaparveðri í opnum jógaviðburði í skrúðgarðinum í Keflavík. Að loknum teygjum og slökun var boðið upp á safa frá Ölgerðinni og epli en Ölgerðin var styrkataðili vikunnar í ár líkt og árið á undan.

## HREYFIVIKAN UM ALLT LAND

Ölgerðin skipulagði og framleiddi jafnframt gerð fjögurra myndbanda um Hreyfiviku UMFÍ gildi þess að hreyfa sig. Myndböndin voru tekin upp í Vopnafirði, Hrísey, á Klambratúni í Reykjavík og í skipulagðri hópagöngu á Mosfell í Mosfellsdal.

**490 VIÐBURÐIR**
**43.000 MANNS**





## UMFÍ ER LEIÐANDI Í FRÆÐSLU OG FORVÖRNUM

UMFÍ leggur áherslu á að vera leiðandi í fræðslu- og forvarnarstarfi. UMFÍ leggur áherslu á mikilvægi sterkrar sjálfsmyndar svo að hver og einn geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin hegðun og lífsstíl. Ein af leiðunum er að starfrækja ungmenna- og tómstundabúðir fyrir unglinga og þróa efni og miðla þekkingu til að styrkja starfsemi sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra.

# LAUGAR

## UNGMENNA- OG TÓMSTUNDABÚÐIRNAR Í SÆLINGSDAL

Síðastliðinn vetur komu 1.600 nemendur úr 8. og 9. bekk grunnskóla frá öllu landinu í Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal. Samdráttur var á milli ára sem skýrist m.a. af því nemendur sumra skóla koma stundum bæði haust og vor sama árið en úr öðrum skólum koma nemendur annað hvert ár. Hugsanlegt er að færsla á samræmdum prófum úr 10. bekk niður í 9. bekk 6.–10. mars 2017 hafi haft þau áhrif að nemendum fækkaði á þeirri önn.

Starfið gekk sinn vanagang og var í föstum skorðum. Engar sérstakar breytingar voru gerðar á innra starfinu á milli ára. Eina frávikið var að tveir erlendir starfsmenn voru ráðnir í vinnu. Það hefur sína kosti en einnig galla en nokkur námskeið voru kennd á ensku.

Í október 2016 komu tveir drengir frá tækniskóla á framhaldsskólastigi í Svíþjóð og voru við nám í Ungmennabúðunum í þrjár vikur. Þeir sinntu ýmsum verkefnum og útbjuggu verkferla og kynningarefni á ensku. Til viðbótar dvaldi Kelvin Dass frá Singapúr sem sjálfboðaliði á Laugum haustið 2016. Hann tók mikið af myndum og myndböndum af svæðinu, var með dróna og gerði flott kynningarmyndband af starfinu. Myndbandið má sjá á ungmennabudir.is

### REKSTUR BÚÐANNA TRYGGÐUR

Þrátt fyrir að sveitarstjórn Dalabyggðar hafi auglýst fasteignirnar að Laugum til sölu er rekstri Ungmenna- og tómstundabúðanna ekki sjálfhætt. Leigusamningur er á milli UMFÍ og Dalabyggðar fram í maí árið 2019. Þótt sala gangi eftir stendur ekki til að rifta samningnum. Stefnt hefur verið að sölu Lauga um árabil eða frá því að sveitarstjórn Dalabyggðar keypti fasteignirnar af ríkinu árið 2013.

Þótt lengi hafi legið fyrir að sveitarstjórnin ætli að selja fasteignirnar kom ákvörðunin á óvart, hún kom starfsfólki Ungmennabúðanna úr jafnvægi og olli því óþægindum.

### MAT Á ÁRANGRI

Gestum ungmennabúðanna, kennurum jafnt sem nemendum er safnað saman á fund í matsalnum. Þar eru þau beðin um að skila inn mati á dvöl sinni.

Ungmennin fá að spreyta sig í fjölbreyttum verkefnum s.s. ræðumennsku, þrautabrautum, traustagöngu, hraðstefnumótum og laugaleikum. Í lok dvalar sögðust 91% ungmennanna hafa farið út fyrir þægindarammann og 90% töldu sig hafa fundið fyrir hvatningu frá liðsfélögum.

### FYRSTA SKIPTI Á LAUGUM

Hjalti Halldórsson, kennari við Langholtsskóla, hefur farið oft með nemendum skólans í ferðir. Í vor fór hann í fyrsta sinn í Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ á Laugum. Hann segir að það hafi verið frábært. „Við vorum mjög hrifin af ferðinni því að hún gekk mjög vel. Í Ungmennabúðunum eru allar reglur á hreinu og farið er yfir þær með krökkunum. Það er greinilegt að fólkið, sem rekur þetta, er með skýr markmið í huga og hugsjónir. Krakkarnir kynnast líka fjölbreyttum hlutum sem þau upplifa ekki í borginni, fara í sveitarferð og út fyrir kassann, sem eflir hópinn. Þessi ferð var afskaplega góð. Við tókum eftir því hvað ferðin hafði haft góð áhrif á krakkana þegar við komum til baka. Andinn í hópnum er betri eftir svona ferð.“

## LAUGAR GERA SKEMMTILEGA UPPLIFUN

### AÐ GÓÐUM MINNINGUM, EFLA FÉLAGSFÆRNI OG AUKA SJÁLFSTRAUST UNGMENNA Á MIKILVÆGUM ALDRI





„Ég fékk fullt af góðum og nytsamlegum hugmyndum um hvernig megi efla starf ungs fólks í mínum heimabæ.“

**Fundargestur**

# UNGT FÓLK TIL ÁHRIFA

## VERKEFNI UNGMENNARÁÐS

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) leggur áherslu á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi. Einnig leggur UMFÍ áherslu á sterka sjálfsmynd einstaklingsins þannig að hann geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin lífsstíl.

### UNGMENNARÁÐ UMFÍ

Ungmennaráð UMFÍ er skipað tíu ungmennum sem koma víðs vegar af landinu. Ráðið fundar einu sinni í mánuði frá september til maí en þess á milli nýtir ráðið samskiptamiðla til skrafs og ráðagerða. Ýmis tilfallandi verkefni koma upp á borð ráðsins, bæði almenn innan æskulýðsmála á Íslandi sem og innan UMFÍ. Stærsta verkefni ráðsins undanfarin ár er skipulagning og utanumhald um ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði og Umræðupartý UMFÍ.

### UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI

Dagana 5. - 7. apríl var ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði haldin í áttunda sinn á Hótel Laugarbakka í Miðfirði. Yfirskrift ráðstefnunnar var Ekki bara framtíðin - Ungt fólk, leiðtogar nútímans. Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda að ráðstefnunni en jafnframt komu Ungmennasamband Vestur Húnvetninga (USVH), Sveitarfélagið Árborg og Húnaþing vestra að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

Heildarfjöldi þátttakenda var um 70 manns, blanda af ungmennum á aldrinum 16 – 25 ára sem starfa í ungmennaráðum víðsvegar um landið og starfsmenn sem sjá um málefni ungmenna í sínu sveitarfélagi.

Á heildina litið tókst ráðstefnan með miklum ágætum. Mikil áhersla var lögð á jafningjafræðslu, óformlegt nám og virka þátttöku í málstofum. Undirbúningur fyrir næstu ráðstefnu er þú þegar hafin.

### UMRÆÐUPARTÝI UMFÍ

Haustið 2016 hlaut UMFÍ styrk frá Evrópu unga fólksins (EUF) til þess að fara af stað með verkefni undir heitinu Umræðupartý UMFÍ. Markmið og tilgangur verkefnisins er að fá fólk saman, bæði þá sem stýra og stjórna innan ungmennafélagshreyfingarinnar og ungt fólk sem starfið er hugsað fyrir. Einnig var markmið með verkefninu að gefa ungu fólki tækifæri til þess að koma sínum skoðunum á framfæri og hafa skoðun á því hvernig UMFÍ vinnum með verkefni sem hugsuð eru fyrir ungt fólk. Til viðbótar var markmið verkefnisins að kynna nýja stefnu samstakanna, 2016 – 2020, og fá hugmyndir frá grasrótinni hvernig heppilegast væri að ná markmiðum hennar fram. Verkefnið stendur yfir frá 1. ágúst 2016 – 31. júlí 2018.

Tveir viðburður hafa nú þegar farið fram. Sá fyrri fór fram í febrúar 2016 og sá seinni samhliða Vorfundi UMFÍ í maí 2017. Næsti viðburður er áætlaður veturinn 2017.

Unnið hefur verið að því að auka þátttöku ungs fólks í skipulagsstarfi fyrir unglingalandsmót. Í ár voru tveir fulltrúar í undirbúningsnefnd fyrir unglingalandsmótið á Egilsstöðum. Þá á UMFÍ fulltrúa í Æskulýðsráði Ríkissins og í Ungmennaráði Menntamálastofunar.

### ÁLYKTUN

Við förum fram á að fulltrúar ungmennaráða fái að sitja fundi hjá sem flestum nefndum innan sveitarfélaga. Æskilegt er að breyta lögum og í leiðinni samræma reglur ungmennaráða um land allt með þarfir ungs fólks að leiðarljósi. Endurskoða og samræma þarf æskulýðslög sem og sveitarstjórnarlög í heild sinni. Ekki er greint á um ungmennaráð í sveitarstjórnarlögum. Samhugur er um lækkun kosningaaldurs niður í 16 ár fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar.

Ungt fólk telur ráðstefnu UMFÍ - Ungt fólk og lýðræði hafa jákvæð áhrif á sig. Það telur að eftir ráðstefnuna sé það reynslunni ríkara í mannlegum samskiptum, það hafi meiri kjark en áður til að viðra skoðanir sínar og að þar öðlist það reynslu sem nýtist í starfi og vinnu.




DIADORA
18

# FORVARNIR OG LÝÐHEILSA

## FORVARNADAGURINN

Forvarnadagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalags íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Árið 2017 fór dagurinn fram 4. október. Þetta var 11. árið sem forvarnardagurinn er haldinn.

Dagurinn er helgaður nokkrum heilláráðum sem geta forðað börnum og ungmennum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Íslenskar rannsóknir sýna að þeir unglingar sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegra sé að ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknirnar fram á að því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegra er að þau neyti síðar fíkniefna. www.forvarnir.is

## TÓBAKSVARNASKILTI

Sambandsaðilar UMFÍ geta haft samband við Þjónustumiðstöð UMFÍ og óskað eftir tóbaksvarnaskilti. Skiltið er þannig útbúið að það getur verið utandyra sem innandyra. Á skiltinu stendur: Leiktu, lifðu og vertu án tóbaks! Notkun tóbaks er bönnuð í og við íþróttamannvirki sveitarfélagsins.

## FYRIRMYNDARSKILTI

Sambandsaðilar UMFÍ geta haft samband við Þjónustumiðstöð UMFÍ og óskað eftir fyrirmyndarskilti. Skiltið er þannig útbúið að það getur verið utandyra sem innandyra. Á skiltinu stendur: Við erum öll fyrirmyndir. Hér eru börn að leik. Fullorðnir eiga að hvetja öll börn. Dómarar eru líka fólk.

## SÝNDU HVAÐ Í ÞÉR BÝR

UMFÍ býður upp á félagsmálanámskeiðið Sýndu hvað í þér býr. Þar er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, hvernig á að taka til máls, koma fram, flytja ræður og beita röddinni í framsögu. Í námskeiðinu er líka kennt ýmislegt sem við kemur fundasköpum, það er fundareglur, boðun funda, fundaskipan, meðferð tillagna, kosningar og fleira. Þátttakendur vinna jafnframt einföld verkefni og fara í leiki til þess að brjóta upp námskeiðið.

## FJÖLSKYLDAN OG FJALLIÐ

Verkefnið Fjölskyldan og fjallið hefur staðið í nokkurn tíma. Verkefnið fer fram með þeim hætti að sambandsaðilar UMFÍ tilefna fjöll í verkefnið ár hvert og sjá sjálfir um að auglýsa göngur á þau. Kossum er komið fyrir á tindum fjallanna með gestabókum sem þátttakendur eru hvattir til að skrifa í. Fjöll, sem eru í verkefninu hverju sinni, eru tilgreindi í Göngubókinni.

**ÞEIR SEM STUNDA ÍÞRÓTTIR**

**ERU MUN ÓLÍKLEGRI TIL AÐ NEYTA VÍMUEFNA**

## ÁNÆGJUVOGIN 2017

Ánægjuvogin er könnun á vegum UMFÍ og ÍSÍ og tekur púlsinn á stöðu íþróttastarfs, ánægju iðkenda og stöðu áfengis- og tóbaksnotkunar meðal ungmenna í 8. til 10. bekk um allt land. Ánægjuvogin er unnin upp úr rannsókninni Ungt fólk sem Rannsóknir og greining gerir. Könnun Ánægjuvogarinnar var lögð fyrir alla nemendur í 8. til 10. bekk á Íslandi í febrúar 2016.

Niðurstöðurnar eru að meirihluti barna, sem stunda íþróttir einu sinni í viku eða oftar, er virkur í íþróttastarfi eða öðru skipulögðu tómstundastarfi og lætur áfengi og vímuefni að mestu í friði. Því fylgir aukin lífshamingja, ánægja og betri námsárangur ungmenna.

**88%**

**UNGMENNA**

**FINNST GAMAN Á ÍÞRÓTTAÆFINGU**




Á Forvarnardeginum heimsótti Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Hólabrekkuskóla og Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Guðni ræddi þar við nemendur um kosti þess að láta áfengi og fíkniefni vera og lifa þess í stað lífinu án þeirra hlekkja sem fylgja ávanabindandi efnum. Í báðum skólum ræddi Guðni um neyslu áfengis og fíkniefna og skaðleg áhrif þeirra á ungmenni. Hann lagði áherslu á að boð og bönn frá fullorðnum séu ekki vænleg til árangurs. Þvert á móti eigi að fræða og fá þau til að fresta því að neyta áfengis eða sleppa því. Hann svaraði nemendum því að hann hafi aldrei reykt og aldrei langað til þess og hallmælti tóbaki og notkun þess, bæði reyktóbaki, nef- og munntóbaki.

„Það er svo gaman að lifa lífinu lifandi, þið viljið vera þið sjálf. Í guðanna bænum, ekki láta þá eitthvað annað taka líf ykkar yfir sem gerir ykkur ómögulegt að láta drauma ykkar rætast.“




## UMFÍ STYRKIR GRASRÓTARSTARF

UMFÍ leggur áherslu á sterkan fjárhagsgrunn í starfi hreyfingarinnar. Í því felst að styrkja núverandi starfsemi ásamt því að virkja nýja möguleika. UMFÍ aðstoðar sambandsaðila og aðildarfélög þeirra við stjórnun og rekstur.

# LOTTÓ

## ÍSLENSK GETSPÁ



### TIL STUÐNINGS GÓÐUM MÁLSSTAÐ

Íslensk getspá hefur átt því láni að fagna að landsmenn hafa stutt vel við eigendur félagsins með því að spila reglulega í lottóleikjum. Árið 2016 var afar gott rekstrarár í sögu Íslenskrar getspár. Reyndar það besta í sögunni. Góð og stöðug sala í leikjum félagsins einkenndi reksturinn. Hagnaður ársins, tæpur 1,8 milljarður, endurspeglar góða sölu og vöxt. Eignaraðilar eru þakklátir fyrir svo góðan árangur en vert er að minna á að sveiflur geta verið miklar í rekstri sem þessum og því er mikilvægt að eignaraðilar séu viðbúnir þegar sveiflur í rekstri verða ekki eins hagfelldar. Rekstur Íslenskra getrauna er mun minni um sig en rekstur Getspár en jafnframt afar mikilvægur. Hagnaður til íþróttahreyfingarinnar nam 81 milljón króna á árinu 2016. Rekstur Getrauna er mun viðkvæmari vegna ólöglegrar erlendrar spilunar. Þessir aðilar hafa fengið að starfa hérlendis óáreittir þrátt fyrir að lög kveði á um annað. Ísland er komið á kortið sem sterkt og vaxandi efnahagslegt samfélag með afar góð lífsskilyrði. Það eitt gerir landið spennandi valkost fyrir alþjóðleg veðmálafyrirtæki. Þrátt fyrir að eftir því hafi verið gengið í mörg ár að starfsemi þessara fyrirtækja hér á landi verði stöðvuð, t.d. með banni á greiðslumiðlun, þá hafa stjórnvöld og Alþingi ekki brugðist við. Milljarðar streyma þannig úr landi til aðila sem hafa engar samfélagslegar skyldur.

Á undanförnum árum hafa félögin staðið fyrir verulegum endurbótum á hugbúnaði, vélbúnaði og sölukerfum félaganna. Nú er stefnt að lokahnykknum í fjárfestingum þessum á árunum 2017-2020 með fjárfestingu í nýju stjórnkerfi. Fjárfestingar þessar styðja við framtíðarmöguleika félaganna á happdrættismarkaði og tryggja tæknilega yfirburði gagnvart innlendum samkeppnisaðilum.

Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskrar getspár er Örn Guðnason. Aðrir stjórnarmenn eru Lárus L. Blöndal og Gunnar Bragason frá ÍSÍ, Lilja Þorgeirsdóttir og Þóra Þórarinsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands. Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Aðrir í stjórn eru Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ, Geir Þorsteinsson frá KSÍ, Lilja Sigurðardóttir frá ÍBR og Óskar Þór Ármannsson frá Íþróttanefnd ríksins.

Stöndum saman um að verja hagsmuni íþróttahreyfingarinnar, stöndum saman um áframhaldandi þróun og nýjungar og gleymum aldrei þeim góða málstað sem við viljum verja í þágu íþrótta, öryrkja og ungmenna. Íþróttaforystufólki öllu er þakkað samstarfið og þau mikilvægu störf sem það innir af hendi í þágu íslensks samfélags.

Stefán Konráðsson,
Framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár


Lottó

# LOTTÓ

## LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTANIR

**I.Skipting lottótekna UMFÍ:**

1. 79% til sambandsaðila.
2. 14% til UMFÍ.
3. 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

**II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ:**

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

**III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila**

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir:

**Einn hlutur: héraðssambönd.**

30% af hlut: Keflavík íþrótta- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFF, UMFÞ og UFA.

10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji

**IV. Regla vegna íbúafjölda:**

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga, sem starfa innan sama sveitarfélags, getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

**V. Regla vegna félagsmannafjölda:**

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagsskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

**VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:**

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla, sem hefur verið fryst í tvö ár, rennur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

**VII. Nýir sambandsaðilar.**

Nýir sambandsaðilar UMFÍ fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari 38 mánuðum eftir inngöngu. Félög með beina aðild að UMFÍ halda óskiptum lottógreiðslum, þar til héraðssamband þess fær lottógreiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

**VIII. Um úthlutun.**

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

**Bráðabirgðaákvæði**

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 48. sambandsþingi UMFÍ 2013.

## LOTTÓÚTHLUTUN

| Félag | 2016 | % |
|---|---|---|
| UMSK | 44119209 | 30,00% |
| HSK | 16081683 | 10,94% |
| UMFF | 12706331 | 8,64% |
| Keflavík | 7.706.154 | 5,24% |
| UÍA | 7.647.328 | 5,20% |
| HSÞ | 4.823.700 | 3,28% |
| UMSS | 4.603.104 | 3,13% |
| UMSB | 4.573.691 | 3,11% |
| HSV | 4.426.629 | 3,01% |
| HSH | 4.353.094 | 2,96% |
| UMSE | 3.970.728 | 2,70% |
| UMFN | 3.367.767 | 2,29% |
| USÚ | 3.176.583 | 2,16% |
| UÍF | 3.147.171 | 2,14% |
| USAH | 2.838.336 | 1,93% |
| USVH | 2.705.979 | 1,84% |
| HHF | 2.551.330 | 1,73% |
| UDN | 2.426.559 | 1,65% |
| USVS | 2.426.559 | 1,65% |
| HSS | 2.235.373 | 1,52% |
| HSB | 2.220.667 | 1,51% |
| UMFG | 1.279.459 | 0,87% |
| UFA | 1.220.633 | 0,83% |
| UMFÞ | 1.220.633 | 0,83% |
| UMFK | 558.842 | 0,38% |
| USK | 250.009 | 0,17% |
| Vesturhlíð | 235.301 | 0,16% |
| UMFÓ | 147.065 | 0,10% |
| Víkverji | 44.122 | 0,03% |
| **Samtals** | **147.064.039** | **100,00%** |

## Lottó til sambandsaðila 2009 - 2016





# SJÓÐIR UMFÍ

## FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

Fræðslusjóðurinn var stofnaður árið 1943 til minningar um Aðalstein Sigmundsson sem var formaður UMFÍ frá árinu 1930 til 1938. Verkefnasjóðurinn var stofnaður árið 1987. Samþykkt var á 47. sambandsþingi UMFÍ á Akureyri árið 2011 að sameina þessa tvo sjóði í einn og ber hann heiti þeirra beggja.

Sjóðurinn hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Sjóðnum er markaður tekjustofn sem er 7% af lottótekjum UMFÍ.

Úthlutað er úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ tvisvar á ári og hefur umsóknum frá sambandsaðilum og félagum UMFÍ fjölgað verulega á milli ára. Vorið 2016 ákvað stjórn sjóðsins að úthluta 46 umsóknum um ýmis fjölbreytt mál fjármagni upp á rúmar 4,5 milljónir króna. Opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn í ágúst 2016 til úthlutunar í nóvember. Þá var úthlutað rúmum 9,6 milljónum króna til 87 verkefna. Vorið 2017 var svo úthluta 8,2 milljónum króna til 88 verkefna.

„Við gætum ekki gert þetta öðruvísi. Styrkur úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ gerir okkur kleift að niðurgreiða námskeiðin, kaupa reiðtygi og fleira," segir Hólmfríður Halldórsdóttir. Hún ásamt Berglindi Árnadóttur reiðkennara og fleirum hafa um nokkurra ára skeið stýrt reiðskóla fyrir fatlaða og fólk með þroskahömlun hjá Hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ. Námskeiðin hafa verið mjög vel sótt og komast færri að en vilja. Hestamannafélagið hlaut styrk úr sjóðnum í maí árið 2017.

Hólmfríður segir styrki hjálpa mikið til við námskeiðahaldið. En félagið sé nú á milli stafs og hurðar, það geti ekki auglýst námskeiðin því þá komi fleiri en félagið ræður við. Af þeim sökum er ekki vitað með vissu hver eftirspurnin er um allt land. En hún er mikil, að sögn Hólmfríðar. Biðlað hefur verið til fleiri félaga að bjóða upp á reiðnámskeið fyrir fatlaða í öðrum sveitarfélögum. Kallinu hefur verið svarað og eru námskeið byrjuð á Akureyri, Siglufirði og víðar.

Á meðal annarra verkefna sem hlutu styrk úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ í vor voru sameiginlegt átaksverkefni fjögurra golfklúbba, styrkur til Ungmennafélags Skipaskaga á Akranesi í tengslum við hreyfingu eldri borgara. Þá fékk HK í Kópavogi styrk vegna foreldrafundar um verkefnið Sýnum karakter, samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ, en unnið er að innleiðingu á verkfærakistu Sýnum karakter í starfi HK.

## UMHVERFISSJÓÐUR

Sjóðurinn var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason sem var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993 og ber sjóðurinn nafn hans. Stofnfé sjóðsins er framlag fjölskyldu Pálma heitins og UMFÍ. Á tímabili var sjóðnum markaður tekjustofn sem var framlag sambandsaðila UMFÍ. Veitt var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008.

Pálmi Gíslason var fæddur 2. Júlí árið 1938 og var hann í forystusveit UMFÍ um áratuga skeið. Hann var meðal annars formaður íþróttanefndar USAH árin 1960-1961, í stjórn frjálsíþróttadeildar Breiðabliks í mörg ár og um tíma í stjórn Breiðabliks. Þá var hann í stjórn UMSK og í mörgum landsmótsnefndum bæði á vegum UMSK og UMFÍ. Pálmi sat í varastjórn UMFÍ árið 1969-1973 og var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993. Pálmi lést af slysförum árið 2001. Fjölskylda Pálma setti sjóðinn á laggirnar í minningu hans ásamt ungmennafélagshreyfingunni og öðrum velunnurum.

Fyrstu styrkirnir úr Umhverfissjóði UMFÍ voru veittir við hátíðlega athöfn í júlí árið 2008.





### FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

**101 VERKEFNI 2014**
**ÚTHLUTUN 11.494.000 kr.**

**100 VERKEFNI 2015**
**ÚTHLUTUN 11.131.700 kr.**

**134 VERKEFNI 2016**
**ÚTHLUTUN 14.149.000 kr.**

**87 VERKEFNI 2017 (Í MAÍ)**
**ÚTHLUTUN 8.215.000 kr.**

### UMHVERFISSJÓÐUR

**10 VERKEFNI 2016**
**ÚTHLUTUN 1.050.000 kr.**

**8 VERKEFNI 2017**
**ÚTHLUTUN 950.000 kr**



# EVRÓPA UNGA FÓLKSINS

Árið hjá Evrópu unga fólksins (EUF) byrjaði nokkuð vel; eftir annan umsóknarfrest ársins af þremur höfðu borist fleiri umsóknir en nokkru sinni (Erasmus+ áætlunin hófst 2014). Á þessu ári er áhersla lögð á að kynna möguleika áætlunarinnar fyrir þeim hópum sem búa við færri tækifæri en aðrir, aðallega vegna heilsufarsvandamála af ýmsum toga. Bundin er von við að góður árangur náist og að hægt verði að nálgast hópana betur.

Fjármagn til úthlutunar styrkja hjá Evrópu unga fólksins hélt áfram að hækka í ár. Samtals eru til úthlutunar rúmlega 2.061.000 evrur (tæplega 256,7 milljónir ísl. kr). Fjármagn til reksturs skrifstofu EUF nemur rúmum 203.000 evrum (jafnvirði 25,3 milljóna ísl. króna).

Meira fjármagn segir þó ekki alla söguna. Gengi íslensku krónunnar leikur stórt hlutverk, það stjórnar miklu í rekstri áætlunarinnar. Þrátt fyrir aukið framlag í evrum á milli ára hefur gengi íslensku krónunnar ekki skilað hækkun í sama hlutfalli í krónum talið.

## EUF FLYTUR TIL RANNÍS

Rekstrarkostnaður áætlunarinnar hefur hækkað og ljóst var að ef EUF ætti að geta sinnt skyldu sinni miðað við hækkað fjármagn til úthlutunar mundi kostnaður hækka enn frekar. Árið 2016 hlaut UMFÍ aukaúthlutun upp á þrjár milljónir fyrir Evrópu Unga Fólksins, þrátt fyrir það skilaði reksturinn tapi í lok árs. Viðræður UMFÍ og ríkisins varðandi hækkun á rekstrarframlagi voru fyrirferðamiklar fyrrihluta ársins. Þegar ljóst var að ekki fengist aukið fjármagn til reksturs frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti ákvað stjórn UMFÍ að grípa til þess ráðs að segja upp samningi við ráðuneytið um rekstur á skrifstofu Evrópu unga fólksins.

Í framhaldinu ákvað ráðuneytið að flytja reksturinn til Rannís frá og með 1. júlí 2017. Breytingin hefur engin áhrif á þá möguleika sem sambandsaðilar UMFÍ hafa til þess að sækja um styrki í áætlunina.




## ÞAÐ ER HÆGT AÐ STYRKJA ALLS KONAR UNGMENNASTARF FYRIR

# 257 MILLJÓNIR Á ÁRI

## HEILDARUPPHÆÐ STYRKVEITINGA

**2014 - 248.000.000**

**2015 - 245.000.000**

**2016 - 250.000.000**

**2017 - 257.000.000**




## UMFÍ SINNIR ÚTBREIÐSLU OG KYNNINGARSTARFI

UMFÍ leggur áherslu á að kynna mikilvægi starfseminnar og að nýta fjölbreyttar og nútímalegar aðferðir til að auka sýnileika og að ná til allra aldurshópa. UMFÍ rækir hlutverk sitt sem þjónustuaðili gagnvart sambandsaðilum og samfélaginu m.a. með öflugu kynningarstarfi.

# ÚTGÁFA

## SKINFAXI

Fjögur tölublöð komu út af Skinfaxa, tímariti UMFÍ á síðasta ári, eitt á hverjum ársfjórðungi. Það sem af er ári eru þrjú tölublöð komin út. Sú breyting varð umfjöllun tímaritsins í fyrra að ítarleg umfjöllun um Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ var hluti af umfjöllun blaðanna sem komu út í aðdraganda móta. Sama fyrirkomulag var í sumar. Af þeim sökum var hætt við að gefa út sérblöð í kringum mótin.

Þrátt fyrir þessa breytingu hafa blöðin ekki stækkað. Þvert á móti hefur verið passað upp á að halda blaðsíðufjölda óbreyttum. Það fyrirkomulag kallast á við umhverfissjónarmið UMFÍ. Blaðsíðufjöldi Skinfaxa gengur upp í prentarkir og gengur því ekki pappír af sem fer í ruslið við prentun tímaritsins. Breyting varð á prentun Skinfaxa strax í upphafi árs. Eftir útgáfu fjórða tölublaðs árið 2016 var hætt að vírhefta kjölinn. Í fyrsta tölublaði ársins 2017 var þess í stað ákveðið að kjölurinn yrði fræstur.

## SKINFAXI ÚT UM ALLT

Dreifing blaðsins var með svipuðum hætti og áður, því var dreift um allt land og var það inni á bensínstöðvum N1, sem auglýsti í blöðunum á móti. Blaðið var líka sent til áskrifenda, héraðssambanda, félaga, skóla og fjölmiðla. Upplögin voru stærri en áður, sérstaklega annað og þriðja tölublað sem komu út í kringum mót UMFÍ. Í kringum landsmótin var þeim tölublöðum sem komu út í aðdraganda þeirra dreift í öll hús í bæjarfélaginu og nágrenni. Á Austurlandi var þriðja tölublaði Skinfaxa dreift á öllu svæði UÍA.

Sú nýbreytni var tekin upp á síðasta ári að senda eintak af Skinfaxa beint til stjórnarmanna UMFÍ og þeirra sem sitja í stjórnum sambandsaðila UMFÍ. Rétt heimilisfang stjórnarmanna eru í sumum tilvikum ekki rétt skráð í félagakerfið Felix og fór því nokkur tími í að koma tölublöðum í réttar hendur. Gert er ráð fyrir því að skráningar verði betri á næstu misserum og muni því fleiri félagsmenn UMFÍ fá eintak af Skinfaxa í hendur.

Öll tölublöð Skinfaxa eru aðgengileg á vefsíðunni www.umfi.is og www.issuu.com. Mögulegt er að skoða stök eldri blöð allt aftur til ársins 1909 á vefsíðunni www.timarit.is, sem Landsbókasafn-Háskólabókasafn rekur.

## NÝ VEFSÍÐA UMFÍ

Ný vefsíða UMFÍ fór í loftið í byrjun október. Hún hefur verið í vinnslu síðan í byrjun árs. Fyrirtækið Vettvangur bjó síðuna til í vefkerfinu Umbraco. Kerfið er einfalt í notkun en öruggt og mjög sveigjanlegt. Það hefur sópað til sín notendum síðustu árin. Umbraco kemur upprunalega frá Danmörku eins og margt annað gott sem UMFÍ sækir sér.

## FRÉTTABRÉF UMFÍ

UMFÍ hefur sent út fréttabréf að jafnaði á tveggja vikna fresti árið 2016-2017. Á póstlista fréttabréfsins eru sambandsaðilar UMFÍ, formenn, framkvæmdastjórar, fjölmiðlafólk og hagaðilar. Í fréttabréfinu eru sagðar fréttir af UMFÍ, viðburðum, gagnlegum ráðstefnum framundan og bent á góð ráð.

## GÖNGUBÓK UMFÍ

Ungmennafélag Íslands hefur um nokkurra ára skeið gefið út Göngubókina – Göngum um Ísland. Í Göngubók UMFÍ er að finna upplýsingar sem henta fjölskyldum um mislangar gönguleiðir og er lagt upp með að leiðirnar henti jafnt yngra sem eldra og reynslumeira göngufólki. Jafnframt er að finna fróðleik um það sem hafa þarf í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Bókin var í ár unnin í samstarfi við Einar Skúlason, sem stýrir gönguhópnum Vesen og vergangur og bjó til gönguappið Wapp fyrir nokkrum misserum. Í appinu getur göngufólk nálgast ítarlegar lýsingar á gönguleiðir og fleiri upplýsingar. Valdar gönguleiðir gönguleiðir voru prentaðar í göngubókinni og fleiri myndir en áður. Mikilvægt er að halda áfram með uppfærslu á göngubókinni svo hún standist tímans tönn og laga lýsingar á gönguleiðum í bókinni.

Göngubókin kom út í 5.000 eintökum árið 2017. Henni var dreift á alla helstu ferðamannastaði, stundstaði, í íþróttahús í þéttbýli og á þjónustustöðvar N1 víða um land. Göngubókin er sömuleiðis aðgengileg í Þjónustumiðstöð UMFÍ. Göngubók UMFÍ er til á PDF-formi. Frá sumri 2016 hefur Göngubókin verið aðgengileg á vefsíðunni issuu.com.

## UPPLÝSINGAR UM UMFÍ ER HÆGT AÐ NÁLGAST HÉR

www.umfi.is
www.timarit.is
www.issuu.com/skinfaxi
www.facebook.com/UngmennafelagIslandsUmfi/
www.twitter.com/Umfi_Island
www.instagram.com/u.m.f.i/
www.flickr.com/photos/ungmennafelagislands
www.snapchat.com/umfi1





## UMFÍ ERU NÚTÍMALEG OG LEIÐANDI SAMTÖK

UMFÍ leggur áherslu á að vera nútímaleg, aðgengileg og leiðandi samtök í stöðugri framþróun. Samtökin bregðast við og laga sig að breyttum þörfum samfélagsins.

# ÞJÓNUSTA VIÐ SAMBANDSAÐILA

Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra geta nálgast upplýsingar um ýmsa þjónustu hjá UMFÍ. Þar á meðal er samningur um hagkvæm kjör á prentþjónustu hjá Ísafoldarprentsmiðju, gisting á hótelum og leiga á bílum.

Á árinu hefur verið gengið frá samningum um skráningakerfi og mótkerfi sem bæði standa sambandsaðilum og aðildarfélögum til boða.

## SKRÁNINGARKERFIÐ NÓRI

Í maí innsigluðu UMFÍ og Greiðslumiðlun samning til fimm ára um notkunarrétt á skráningarkerfinu Nóra. Notkunarrétturinn nær til móta UMFÍ og hafa sambandsaðilar UMFÍ leyfi til að nota það. Samningurinn gerir UMFÍ kleift að skrá allt móta- og viðburðahald í framtíðinni auk þess sem sambandsaðilar UMFÍ geta fengið aðgang að kerfinu fyrir rekstur sinn. Samkvæmt samningnum mun Greiðslumiðlun, móðurfélag Nóra, hanna og skrifa skráningarkerfi fyrir landsmót UMFÍ og önnur mót og viðburði UMFÍ sem byggja á tengdum kerfum. UMFÍ notaði kerfið í fyrsta sinn á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði í júní.

## COREDATA

UMFÍ og AZAZO gerðu í janúar samning um notkun á hugbúnaðinum AZAZO CoreData til að halda utan um öll gögn hreyfingarinnar, bæta verkefnastýringu og fundarhöld. Samningurinn var gerður í framhaldi af stefnumótunarvinnu UMFÍ enda snýr hann að framtíðarsýn hreyfingarinnar. Innleiðingu á kerfinu er lokið og á nú öll skjalavinnsla sér stað í CoreData. Með kerfinu getur UMFÍ haft betri stjórn á öllum gögnum hreyfingarinnar, haft skýrari verkferla, fundarhöld verða markvissari og þekkingaryfirfærsla er tryggð. Utanumhald móta og viðburða á vegum hreyfingarinnar verður einnig auðveldara og gagnsærra. Nokkrir sambandsaðilar hafa þegar tekið kerfið í notkun.

## FELIX

Felix, sameiginlegt félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, er miðlægt tölvukerfi sem hefur það markmið að halda utan um skráningar og íþróttaþáttöku landsmanna. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og á það að nýtast til að halda utan um daglega skráningu iðkenda í öllu starfi félaga. Þjóðskrá kerfisins er uppfærð mánaðarlega sem á að auðvelda til muna allt utanumhald félaganna. Þá er hægt að halda utan um netföng einstaklinga og senda tölvupóst beint úr kerfinu. Kerfið býður upp á aðgangsstýringu sem veitir þjálfurum aðgang til að skrá og uppfæra iðkendur. Allar breytingar eiga sér stað miðlægt sem á að tryggja að verið er að skoða réttar upplýsingar.

Í upphafi verkefnisins var lögð mikil áhersla á mikilvægi félagakerfisins til að halda utan um allt félagatal í íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni og ýmsar tölulegar staðreyndir sem þeim tengjast. Þetta hefur hið opinbera einnig lagt áherslu á með þeim rökum að erlendis horfi fólk öfundaraugum á það hvernig skráningu er háttað í félagakerfinu. Það var þá.

Unnið hefur verið að endurhönnun á félagakerfinu Felix undanfarin tvö ár. Vinnan hefur ekki gengið sem skyldi og er hún orðin heldur fjárfrekari en áætlað var. Þetta hefur valdið vonbrigðum. Samstarfshópur UMFÍ og ÍSÍ vinnur að málinu og hefur fundað mjög reglulega um það.






## UMFÍ ER UMHUGAÐ UM NÁTTÚRU OG UMHVERFI

UMFÍ leggur áherslu á almenna umhverfisvitund og virðingu fyrir umhverfi og náttúru landsins.

# UMHVERFI OG NÁTTÚRA

## ÞRASTASKÓGUR

Þrastaskógur í Grímsnesi er í eigu UMFÍ. Þrastaskógur er á 45 hektara skógarsvæði sem liggur frá Álftavatni og niður með Soginu að Þrastarlaundi. Tryggvi Gunnarsson þingmaður átti landið og gaf hann það Ungmennafélaginu á afmælisdegi sínum 18. október árið 1911.

Skógurinn sameinaði ungmennafélaga víða að og hófu þeir strax gróðursetningu. Langt er um liðið síðan fólk tók að reisa sér sumarbústaði í Þrastaskógi og er svæðið nú eitt vinsælasta og þéttsetnasta útivistarsvæði landsins.

UMFÍ á hluta af jörðinni, veiðiréttindi og tjaldsvæðið en hefur selt veitingastaðinn Þrastalund, eigiendur staðarins leigja jafnframt tjaldsvæðið. Því miður hafa forsvarsmenn Þrastalundar ekki staðið við fyrirheit um tjaldsvæðið. Þar hefur verið lokað lengi og er aðstaðan í niðurníðslu. Viðræður standa yfir um að koma skikkan á þau mál.

## SKÓGARREITIR

Ungmennafélagar voru sérlega duglegir víða koma upp skógarreitum víða um land. Sérstaklega hér á árum áður. Björn B. Jónsson fyrrum formaður UMFÍ hefur skráð reitinga sem eru alls 113 talsins um allt land. UMFÍ í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands vinnur nú að því að skrásetja þa, fara yfir og flokka þá. Sigríður Hrefna Pálsdóttir nemi í skógfræði vinnur verkefið að það er jafnframt lokaverkefni hennar í háskólanum á Hvanneyri.

## DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

Dagur íslenskrar náttúru var 16. september og sambandsaðilar tóku þátt í deginum með fjölbreyttum hætti. Auk þess eru margir sambandsaðilar með sérstaka umhverfisdaga þar sem breytt er út frá hefðbundnu stafi þar sem lögð er áhersla á fegrun umhverfisins, gróðursetningu og almenna tiltekt.





# NEFNDIR UMFÍ 2015 - 2017

## FJÁRHAGSNEFND
Guðmundur Sigurbergsson, varastjórn UMFÍ, **formaður**
Einar Hafliðason, UMSE
Sigurður Guðmundsson, UMSB
**Starfsmaður nefndar:** Helgi Gunnarsson, UMFÍ

## FRÆÐSLUNEFND
Valdimar Gunnarsson, UMSK, **formaður**
Björn Grétar Baldursson, stjórn UMFÍ
Elísabet Lovísa Björnsdóttir, Keflavík
Guðríður Aadnegard, HSK
Helga Guðrún Guðjónsdóttir
Fulltrúi íþróttabandalaga: Viggó H. Viggósson ÍBR
**Starfsmaður nefndar:** Sabína Steinunn Halldórsdóttir

## FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR UMFÍ
Örn Guðnason, stjórn UMFÍ, **formaður**
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ
Ragnheiður Högnadóttir, stjórn UMFÍ
Varamaður: Sigurður Óskar Jónsson, varastjórn UMFÍ

## LAGANEFND
Helga Jóhannesdóttir, stjórn UMFÍ **formaður**
Ragnheiður Högnadóttir, stjórn UMFÍ
Fulltrúi íþróttabandalaga: Elísabet Ólafsdóttir, ÍBH
**Starfsmaður nefndar:** Auður Inga Þorsteinsdóttir

## LÝÐHEILSU- OG FORVARNANEFND UMFÍ
Jóhanna Kristjánsdóttir, HSÞ, **formaður**
Einar Snorrason, Keflavík
Jakob Einar Jakobsson HSV
Sigríður Etna Marinósdóttir, HHF
Þorgeir Örn Tryggvason, varastjórn UMFÍ
**Starfsmaður nefndar:** Ragnheiður Sigurðardóttir

## MENNINGAR- OG ÚTGÁFUNEFND
Gunnar Gunnarsson, stjórn UMFÍ, **formaður**
Birgir Örn Sigurðsson, USVS
Örn Guðnason, stjórn UMFÍ
Jón Páll Hreinsson, HSV
Vigdís Diljá Óskarsdóttir
**Starfsmaður nefndar:** Jón Aðalsteinn Bergsveinsson

## NEFND 7.LANDSMÓTS UMFÍ 50+ 2017 Í HVERAGERÐI
Gísli Páll Pálsson, **formaður**
Jóhanna M. Hjartardóttir
Guðmundur Jónasson
Guðríður Aadnegard,
Sigrún Kristjánsdóttir
Flemming Jessen
Friðrik Sigurbjörnsson
Hjalti Helgason
Örn Guðnason.

## NEFND UM STARF ELDRI UNGMENNAFÉLAGA
Flemming Jessen, FÁÍA, **formaður**
Anna Bjarnadóttir, USK
Eygló Alexandersdóttir, Njarðvík
Hjörtur Þórarinsson, HSK
Sigríður Bjarnadóttir UMSK
**Starfsmaður nefndar:** Ragnheiður Sigurðardóttir

## NSU – NORRÆNT SAMSTARF
Helga Jóhannesdóttir, stjórn UMFÍ
Jörgen Nilsson, UDN
Varamaður: Gunnar Gunnarsson, stjórn UMFÍ

## UMHVERFISNEFND
Margrét Björnsdóttir, UMSK, **formaður**
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ
Jenný L. Lárusdóttir, UMFN
Snorri Þorsteinsson, UMSB
Þorsteinn M. Kristinsson, USVS
**Starfsmaður nefndar:** Ómar Bragi Stefánsson

## UMHVERFISSJÓÐUR PÁLMA GÍSLASONAR
Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, **formaður**
Stella Guðmundsdóttir, ekkja Pálma Gíslasonar
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ
Magnús Gíslason, UMSK
Óskar Magnússon, V
**Fulltrúi íþróttabandalaga:** Haukur Haraldsson, ÍBR

## NEFND 20. UNGLINGALANDSMÓTS UMFÍ Á EGILSSTÖÐUM
Björn Ingimarsson, **formaður**
Gunnar Gunnarsson
Bylgja Borgþórsdóttir,
Böövar Bjarnason
Guðbjörg Agnarsdóttir
Hreinn Halldórsson
Óðinn Gunnar Óðinsson
Sandra Ásgeirsdóttir
Aðalheiður Vilbergsdóttir,
Sigurður Óskar Jónsson
Rebekka Karlsdóttir
Davíð Sigurðarson
Benedikt Jónsson
Reynir Zöega
Jósef Auðunn Friðriksson
**Starfsmaður nefndar:** Ómar Bragi Stefánsson

## UNGMENNARÁÐ UMFÍ
Aðalbjörn Jóhannsson, HSÞ, **formaður**
Ástþór Jón Tryggvason, USVS
Björn Grétar Baldursson, stjórn UMFÍ
Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir, UDN
Emil Róbert Smith, HSH
Eygló Hrund Guðmundsdóttir
Haukur Orri Kristjánsson, UÍF
Karen Óskarsdóttir, HSK
Kolbrún Lára Kjartansdóttir, USVH
Vigdís Diljá Óskarsdóttir
**Starfsmaður nefndar:** Sabína Steinunn Halldórsdóttir

## VINNUHÓPUR UM AÐILD ÍÞRÓTTABANDALAGA
Guðmundur Sigurbergsson, varastjórn UMFÍ, **formaður**
Jón Páll Hreinsson, HSV
Jóhanna Kristjánsdóttir, HSÞ
Jón Karl Ólafsson, Fjölni
Þórir Haraldsson, HSK
**Starfsmenn hópsins:** Auður Inga Þorsteinsdóttir og Helgi Gunnarsson

## ÞRASTASKÓGARNEFND
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ, **formaður**
Guðmundur Kr. Jónsson, HSK,
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ
Kristinn Ó. Grétuson, varastjórn UMFÍ

Nefndir á vegum UMFÍ hafa fundað mismikið. Skýringarnar eru bæði þær að umfang nefndanna er minna en áður auk þess sem sumar þeirra hafa tekið upp nútímalega samskiptahætti. Breyttur samskiptamáti er því óviðkomandi hvort tiltekin nefnd hefur mikið að gera eður ei. Dæmi um slíkt eru símafundir eða samskiptaforrit sem gera mörgum kleift að hafa samskipti sín á milli.




„Hatursorðræða er vaxandi vandamál í íslensku samfélagi og hún er ein af þeim stóru hættum sem steðja að börnum og ungmennum í dag. Því er mikilvægt að leita leiða til þess að koma í veg fyrir að hún festi sig í sessi í samfélaginu.“

**Sema Erla Serdar,**
verkefnastýra Æskulýðsvettvangsins

„Til þess að ná erlendum börnum á æfingar þá finnst mér þurfa að halda fyrirlestra í skólum á mörgum tungumálum fyrir börnin og foreldrana. Það þarf að kynna fyrir foreldrum hvernig frístundakortið virkar. Það skortir upplýsingar til foreldra um hvernig starfið virkar. Börnin missa því oft af æfingum og keppni og þá flosna þau upp úr íþróttum. Samfélagið verður að hjálpa börnum að komast á æfingar og keppni og mynda tengsl inn í félagið.“

**Fjolla Shala,**
Breiðablik - meistaraflokki kvk í knattspyrnu.

## UMFÍ ER ÖFLUGUR SAMSTARFSAÐILI

UMFÍ leggur áherslu á gott samstarf við önnur félagasamtök og stofnanir sem samræmast stefnum og gildum UMFÍ. Einnig samvinnu við stjórnvöld og skólasamfélagið. Með samvinnu nást margfeldisáhrif og aukin skilvirkni þar sem heildarhagsmunum er betur borgið.

# ÖFLUGT SAMSTARF SKILAR ÁRANGRI

UMFÍ og ÍSÍ hafa unnið saman um langt skeið að skráningu íþróttahreyfingarinnar. Undanfarna mánuði hafa átt sér stað viðræður um aukið samstarf og með hvaða hætti slíkar sviðsmyndir gætu litið út. Hreyfingarnar hafa nú þegar aukið verulega samstarf í einstökum verkefnum og ber þar helst að nefna Sýnum karakter.

## SÝNUM KARAKTER

Í október árið 2016 ýttu UMFÍ og ÍSÍ úr vör samstarfsverkefninu Sýnum karakter. Verkefnið og samnefnd vefsíða (www.synumkarakter.is) er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúta að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Verkefnið var kynnt fyrst í Háskólanum í Reykjavík haustið 2016 og undir lok árs í Háskólanum Akureyri. Sýnum karakter hefur jafnframt verið kynnt fyrir mörgum íþróttafélögum. Á þessu ári hafa vinnufundir verið haldnir með þjálfurum og forsvarsmönnum íþróttafélaga. Í byrjun september 2017 var vinnufundur með stjórnendum í íþróttahreyfingunni þar sem Óli Þór Júlíusson, íþróttastjóri HK, og Íris Mist Magnúsdóttir úr Gerplu sögðu frá því hvernig félög þeirra hafa nýtt sér og innleitt verkfæri Sýnum karakter í starfi félaganna. Ráðstefnan Sýnum karakter – Allir með var svo haldin í lok september. Hún var ætluð ungu fólki á aldrinum 13-25 ára og stjórnendum í íþróttahreyfingunni. Markmið ráðstefnunnar var að varpa ljósi á ástæður þess að ungt fólk hættir þátttöku í íþróttum.

## BETRA FÉLAG

UMFÍ og ÍSÍ eru að vinna að verkefni sem miðar að því að safna saman upplýsingum sem geta nýst stjórnendum íþróttafélaga í daglegu starfi.

## NÁUM TIL ERLENDRA BARNA

UMFÍ, Íþrótta- og ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) vinna nú að verkefni sem hefur það markmið að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Þátttaka í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi getur verið jákvæð leið til þess að aðlagast íslensku samfélagi og til þess að rjúfa félagslega einangrun meðal þessa hóps. Íþróttasvæði eru oftar en ekki lýðræðislegur vettvangur þar sem allir geta tekið þátt frá fyrsta degi í nýju landi, án þess að húðlitur, uppruni, trú eða tungumálaörðugleikar skipti máli. Verkefnið felur í sér að útbúa upplýsingar, bæði á rafrænu og útprentuðu formi, fyrir foreldra barna og ungmenna af erlendum uppruna með upplýsingum um íþróttahreyfinguna. Í efninu verður að finna upplýsingar um skipulag íþróttastarfs á Íslandi. Jafnframt verður að finna upplýsingar um hlutverk félaga, hver ávinningurinn er af því að taka þátt, um mikilvægi hreyfingar og tilgang æfingagjalda svo dæmi séu tekin. Stefnt er að því að efnið verði tilbúið til dreifingar eftir áramótin 2017.

## ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagins Landsbjargar. Hlutverk Æskulýðsvettvangsins er að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi og vönduðum aðstæðum í æskulýðsstarfi. Tilgangur og markmið félagsins er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna m.a. á sviði fræðslu- og forvarnarmála.

Æskulýðsvettvangurinn leggur áherslu á að öllum líði vel í leik og starfi innan þeirra félaga sem saman mynda Æskulýðsvettvanginn og að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreittur, sé virtur.

## FRÆÐSLA

Einelti og annars konar óæskileg hegðun er ekki liðin innan Æskulýðsvettvangsins. Því eru forvarnir og fræðsla um einelti, hatursorðræðu, ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum sem og mannréttindafræðsla á meðal verkefna Æskulýðsvettvangsins.

Auk þess hefur Æskulýðsvettvangurinn unnið að því að gera uppflettingu í sakaskrá fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða innan aðildarfélaganna að raunveruleika og þrýst hefur verið á stjórnvöld að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þeir sem hafa gerst sekir um kynferðisbrot geti ekki starfað með börnum og unglingum.

Æskulýðsvettvangurinn flutti skrifstofu sína um áramótin 2016/2017 í þjónustumiðstöð UMFÍ í Sigtúni. Á árinu var farið í endurskoðun á útliti og ímynd Æskulýðsvettvangsins, sem skilaði sér meðal annars í nýju merki félagsins, nýrri heimasíðu og nýjum samfélagsmiðlum, auk þess sem allt efni var sett upp og gefið út á nýjan leik. Æskulýðsvettvangurinn hélt ráðstefnuna Af hverju hataru mig svona mikið um miðjan september 2017. Ráðstefnan var vel sótt og sýndu fjölmiðlar henni mikla athygli.

## VERNDUM ÞAU

Námskeiði Verndum þau fjallar um hvernig bregðast á við grun um ofbeldi og vanrækslu barna og ungmenna er haldið reglulega á hverju ári 250 manns sóttu námskeiðið í september 2017.

## ALMANNAHEILL

UMFÍ er aðili að Almannaheillum og situr Ragnheiður Sigurðardóttir í stjórn samtakanna. Samtökin standa fyrir fundi fólksins á hverju ári og nú í haust mun í fyrsta skipti vera boðið upp á ítarlega fræðslu fyrir stjórnendur í þriðja geiranum.

## SAFF

UMFÍ er aðili að SAFF Samstarfsráði félagasamtaka í forvörnum. Samtökin standa m.a. fyrir átaksverkefnu vika 43. á hverju ári. Málfríður Sigurhansdóttir situr í stjórn.

## OPNI HÁSKÓLINN

UMFÍ er einn af samstarfsaðilum opna háskólans um nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum, það er von UMFÍ að námið muni nýtast sem flestum og það verður spennandi að fylgjast með framvindu námsbrautarinnar.

# KOM HEIM REYNSLUNNI RÍKARI

„Mér fannst ferðin til Álaborgar mjög skemmtileg. Það var gaman að sjá svona margt fólk koma saman í þeim tilgangi að hafa gaman af því að hreyfa sig. Mikil áhersla var lögð á skemmtanagildi og keppni skipti minna máli. Sumir lifa fyrir keppnina en ég hef aldrei verið mikil keppnismanneskja svo mér fannst þetta fyrirkomulag frábært. Ég held að það muni nýtast UMFÍ og sambandsaðilum vel að hafa séð hvernig haldið var utan um viðburðinn, sjálfboðaliðana, þátttakendur og fleiri sem að mótum koma. Eins er hægt að fá margar hugmyndir út frá þeirra móti. Bónusinn var svo að hitta fólk sem er að vinna við svipaða hluti og ég og fá andlit við nöfnin sem ég sé í tölvupóstinum. Kynnast því hvað hinir eru að gera og fyrir mig sem er nýlega byrjuð í þessu var mjög fróðlekt að tala við fólk sem búið er að starfa innan ungmennafélagshreyfingarinnar lengi.“

**Eva Sól Pétursdóttir,**
framkvæmdastjóri Héraðssambands Þingeyinga



# ERLEND SAMSKIPTI

## NSU

NSU - Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde - eru samtök ungmennafélaga á Norðurlöndum. Á þeim vettvangi er unnið mikið af sameiginlegum verkefnum sem tengja Norðurlöndin saman. Þar má nefna ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðsráðstefnur og ungbændaráðstefnur. UMFÍ á tvo fulltrúa í stjórn NSU, þá Gunnar Gunnarsson, formann UÍA, og Jörgen Nilsson, tómstundaleiðbeinanda Ungmenna- og tómstundabúða UMFÍ að Laugum í Sælingsdal.

## ISCA

UMFÍ er aðili að ISCA, International Sport and Culture Association, sem eru samtök um almenningsíþróttir og menningu hinna ýmsu landa í heiminum. UMFÍ tekur þátt í mörgum verkefnum með samtökunum á hverju ári en helsta verkefnið er Move Week eða Hreyfivika UMFÍ. Move Week er hluti af stærra verkefni sem fram fer allt árið um kring og nefnist Now We Move. Annað verkefni er Integration of Refugees through Sport eða hvernig hægt er að auðvelda flóttafólki að aðlagast norrænu samfélagi með þátttöku í íþróttum. UMFÍ lítur á verkefnið sem tækifæri til þess að fjölga nýbúum eða nýjum Íslendingum innan íþróttahreyfingarinnar. Verkefnið er til tveggja ára, eða frá ágúst 2016–2018.

## DGI

DGI Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Mikil samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI. Töluverður samgangur og samskipti hafa verið á milli DGI og UMFÍ og hópar hafa farið landa á milli til að kynna sér starfsemi í löndunum tveimur. Í lok júní árið 2017 fór hópur fimmtíu sambandsaðila UMFÍ og fólks tengdu UMFÍ og sveitarstjórn Skagafjarðar í nokkurra daga ferð til Álaborgar að fylgjast með landsmóti DGI. Hópurinn hafði fylgst með undirbúningi landsmóts DGI um nokkurt skeið og var tilgangur ferðarinnar að fræðast frekar um mótið, ræða við stjórnendur DGI um þætti á borð við aðkomu sveitarstjórna og sjálfboðaliða að mótinu, keppendur, tengsl DGI og skipuleggjenda mótsins við fjölmiðla, skipulag þess og fleira sem skiptir máli við skipulagningu stórmóta.

## LÝÐHÁSKÓLAR

UMFÍ hefur undanfarin ár veitt ungu fólki sem hyggur á nám við lýðháskóla í Danmörku styrk. Markmið með styrkveitingunni er að gefa ungu fólki tækifæri til að víkka sjóndeildarhring sinn. Einnig tækifæri til að kynnast nýju tungumáli og menningu, auka færni sína og þekkingu á völdu sviði í gegnum óformlegt nám og styrkja leiðtogahæfileika sína um leið.

> „Þetta er búin að vera æðislegir tveir mánuðir hérna í Danmörku. Ég sé svo alls ekki eftir þessari ákvörðun. Ég er búin að læra svo margt varðandi sjálfan mig og líkamann. Lýðháskóli er staður sem ég mæli hiklaust með og er ótrúlega þakklát fyrir“
>
> Hulda Herborg
> Idrætshøjskolen Århus

Skólaárið 2016 – 2017 hlutu alls 55 ungmenni styrk frá UMFÍ. Mun fleiri stúlkur sóttu um heldur en drengir. Hlutfallið er 16 drengir á móti 39 stúlkum. Það sem af er árinu 2017 hafa 26 ungmenni hlotið styrk.

## KYNNTU SÉR LÝÐHÁSKÓLA

Hópur Íslendinga heimsótti dönsku lýðháskólana í Vejle og Gerlev í nóvember 2016 og kynnti sér námsframboð, rekstur og fyrirkomulag þeirra. Í hópnum voru Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ, Hrönn Jónsdóttir, sem situr í stjórn UMFÍ, og Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK. Ásamt þeim voru líka Valur Rafn Halldórsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Björk Óttarsdóttir frá menntamálaráðuneytinu og Smári Stefánsson, lektor á menntavísindasviði Háskóla Íslands.

UMFÍ hefur lýst yfir áhuga á að stofna og reka lýðháskóla á Íslandi og var m.a. horft til húsnæðis íþróttakennaraháskólans á Laugarvatni. Til stóð að menntamálaráðherra myndi leggja fram frumvarp um lýðháskóla á vorþingi 2017. Það er enn í vinnslu.

> „Skólinn er frábær og þetta er orðið mitt „heim“. Vinir mínir sem ég á hér eru mér mikilvægari en allt og ég er viss um að þau muni vera partur af mínu lífi það sem eftir er. Ég er búin að kynnast sjálfri mér miklu betur, bæði sem einstaklingur og sem hluti af hópi. Sjálfstraustið hefur aukist. Mér finnst ég líka fá svo ótrúlega mikið af tækifærum til gera nýja hluti og læra eitthvað nýtt út frá þeim. Hérna lærir maður líka að taka ábyrgð á sjálfum sér, ekki svona ábyrgð eins og er í venjulegu námi, heldur meira svona; mættu - annars missir þú af, stattu upp og talaðu við fólk – þá kynnist þú betur og vertu með – þá verður gaman.“
>
> Elínborg Egilsdóttir
> Idrætshøjskolen Århus









„Andi UMFÍ er einfaldlega sá að einblína ekki á afreksfólkið heldur alla sem vilja bæta sjálfa sig og samfélagið um leið. Ungmennafélagsandinn finnst mér snúast um það.“

**Guðni Th. Jóhannesson,**
forseti og verndari UMFÍ.

## UMFÍ BYGGIR Á SJÁLFBOÐALIÐASTARFI

UMFÍ leggur áherslu á verðmæti sjálfboðaliðastarfsins enda hefur það verið grundvöllur starfseminnar alla tíð og mikilvægasti þátturinn í starfi hreyfingarinnar.

# VIÐURKENNINGAR

## FYRIRMYNDARBIKARINN

Fyrirmyndarbikar UMFÍ er veittur í lok Unglingalandsmóts UMFÍ ár hvert þeim sambandsaðila sem þykir hafa sýnt góða umgengni á á keppnisstöðum, tjaldsvæði og á almennum svæðum mótsdagana. Góða háttvísi og prúða framgöngu, m.a. í keppni og við inngöngu á setningu mótsins. Í ár var hann veittur Ungmennasambandi Skagafjarðar (UMSS) og tók Thelma Knútsdóttir, framkvæmdastjóri UMSS, við bikarnum fyrir hönd félagsins.
Íþróttanefnd ríksins gaf Fyrirmyndarbikarinnar þegar Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í fyrsta sinn á Dalvík árið 1992. Hann var því afhentur nú í 20. sinn.

**Svona er fyrirmyndarfélagið valið:**
Alla mótsdagana var nefnd að störfum sem fylgist með keppendum og öðrum gestum sambandsaðila UMFÍ og mat frammistöðu þeirra út frá ofangreindum þáttum. Formaður UMFÍ, formaður unglingalandsmótsnefndar og formaður þess sambandsaðila UMFÍ sem heldur mótið hverju sinni ákveða valið á fyrirmyndarliði Unglingalandsmótsins.

## DAGUR SJÁLFBOÐALIÐANS

Alþjóðlegur dagur sjálfboðaliðans er 5. desember ár hvert. Í tilefni af deginum bauð Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, fulltrúum aðildarfélaga UMFÍ í heimsókn á Bessastaði. Rúmlega þrjátíu fulltrúar gátu þegið boðið. Í boðinu minntist Guðni langafa síns, alþýðufræðarans Guðmundar Hjaltasonar, sem var mikill og ötull talsmaður ungmennafélagshreyfingarinnar og átti drjúgan hlut í að koma henni á laggirnar.

## SIGURÐARBIKARINN

Sigurðarbikarinn er gefinn í minningu um Sigurð Geirdal, fyrrverandi framkvæmdastjóra UMFÍ.
Í Gerðabók Sigurðarbikarsins segir að hann skuli afhendist að loknu Unglingalandsmóti UMFÍ ár hvert til þess sem heldur mótið og varðveitir viðkomandi félag bikarinn í eitt ár, þ.e.a.s. þar til að loknu næsta Unglingalandsmóti UMFÍ.

Sigurðarbikarinnar var afhentur í fyrsta sinn að loknu 11. Unglingalandsmóti UMFÍ í Þorlákshöfn árið 2008 og voru gefendur hans Hafsteinn Þorvaldsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, og Jónas Ingimundarson, fyrsti formaður Ungmennafélagsins Þór í Þorlákshöfn.

## UM SIGURÐ GEIRDAL OG BIKARINN

Sigurður Geirdal var fæddur 4. júlí árið 1939 í Grímsey. Hann keppti á sínum yngri árum frjálsum íþróttum glímu, sundi og júdó á sínum yngri árum. Síðar gegndi hann mörgum trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna. Fyrir störf sín í þágu íþrótta- og æskulýðsmála hlaut Sigurður Geirdal fjölda viðurkenninga, m.a. heiðurfélagakross UMFÍ, gullmerki Íþróttasambands Íslands, og Frjálsíþróttasambands Ísland, silfurmerki Glímusambands Íslands og júdósambandsins. Sigurður var framkvæmdastjóri UMFÍ frá árinu 1970 til 1986 og bæjarstjóri í Kópavogi frá árinu 1990 og fram á síðasta dag. Hann lést í nóvember árið 2004, 65 ára að aldri.

> „Þetta er góð viðurkenning og hvatning. Við lögðum upp með það fyrir Unglingalandsmótið að halda hópnum saman og hvetja þátttakendur til að vera stolt af félaginu og merki þess. Það tókst. Fyrirmyndarinn er góð viðurkenning á því. En svo eru við með öflugan framkvæmdastjóra sem hefur verið að gerea góða hluti fyrir félagið, frábæra krakka sem fóru á mótið og góða foreldra sem héldu utan um hópinn og hjálpuðust að við það.“
>
> Arnrún Halla Arnórsdóttir,
> formaður UMSS.

## MATMAÐUR UMFÍ

Hefð hefur verið fyrir því síðan árið 1979 að kjörinn er matmaður þings UMFÍ. Við valið er meðal annars horft til framgöngu þess sem tilnefndur er í matar- og kaffitímum þingsins, hvernig viðkomandi beitir hnífapörum, stíl hans við matborðið og borðsiða á meðan þingi stendur.

Á sambandsþingi UMFÍ, sem fram fór í Vík í Mýrdal helgina 17.–18. október 2015 féll það í hlut Valdimars Leós Friðrikssonar hjá UMSK að velja matmann þingsins. Valdimar Leó hafði þá hampað titlinum í tvö ár. Valdimar Leó útnefndi Kristínu Gunnarsdóttur frá UMSB sem matmann yfirstandandi tímabils. Þetta var í fjórða sinn sem Matmaður UMFÍ kemur úr röðum UMSB og hefur askurinn, sem fylgir nafnbótinni, aldrei áður verið jafn oft hjá nokkru ungmennafélagi.



## MATMENN

| | |
|---|---|
| **1979** | Stórutjarnaskóli Ófeigur Gestsson UMSB |
| **1981** | Kirkjubæjarklaustur Sigurður Geirdal UMSK |
| **1983** | Njarðvík Jón Guðjónsson UMSB |
| **1985** | Flúðir Skúli Oddsson USVS |
| **1987** | Egilsstaðir Valgerður Auðunsdóttir HSK |
| **1989** | Mosfellsbær Einar Ole Pedersen UMSB |
| **1991** | Húnavellir Jón Ólafsson HSS |
| **1993** | Laugarvatn Kjartan Lárusson HSK |
| **1995** | Blönduós Sigurlaug Þ. Hermannsdóttir USAH |
| **1997** | Grafarvogur Ingibjörg B. Jóhannsdóttir UMSK |
| **1999** | Tálknafjörður Kári Gunnlaugsson KEF |
| **2001** | Stykkishólmur Einar K. Jónsson V |
| **2003** | Sauðárkrókur Sigurbjörn Gunnarsson KEF |
| **2005** | Egilsstaðir Haraldur Þ. Jóhannsson UMSS |
| **2007** | Þingvellir Garðar Svansson HSH |
| **2009** | Reykjanesbær Valdemar Einarsson USÚ |
| **2011** | Akureyri Stefán Bogi Sveinsson UÍA |
| **2013** | Stykkishólmur Valdimar Leó Friðriksson UMSK |
| **2015** | Vík í Mýrdal Kristín Gunnarsdóttir UMSB |




„Hvatningarverðlaunin vöktu mikla athygli og fólk talaði mikið um þau. Alltaf þegar félögum er hampað og fjallað um þau þá skilar það sér í auknum áhuga á starfi félagsins.“

**Guðríður Aadnegard,**
formaður HSK.

# VIÐURKENNINGAR

## HVATNINGARVERÐLAUN UMFÍ

23. október 2005, 44. sambandsþing UMFÍ á Egilsstöðum:
HSV – veitt verðlaunin fyrir velheppnað átak í auknu félagsstarfi tengdu getraunastarfi. Framganga HSV er til fyrirmyndar og ætti að vera öðrum sambandsaðilum hvatning til að nýta þá möguleika sem í getraunastarfi felast.

27. október 2006, 35. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Flúðum:
Umf. Skipaskagi – fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf á sviði íþrótta- og ungmennafélagsmála. Keflavík íþrótta- og ungmennafélag – fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótta- og ungmennafélagsstarf á breiðum grunni.

21. október 2007, 45. sambandsþing UMFÍ haldið á Þingvöllum:
Héraðssambandið Skarphéðinn – fyrir framúrskarandi starf að kynningarmálum.

11. október 2008, 36. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Stykkishólmi:
HSÞ – veitt verðlaunin fyrir að koma á fót akstursjóði HSÞ.

11. október 2009, 46. sambandsþing UMFÍ haldið í Reykjanesbæ:
UÍA – veitt verðlaunin fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf.

16 október 2010, 37. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Egilsstöðum:
UMSE – veitt verðlaunin fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf.

16. október 2011, 47. sambandsþing UMFÍ haldið á Akureyri:
HSV – veitt verðlaun fyrir nýjungar í starfi og öflugt samstarf við sveitarfélagið.

13. október 2013, 48. sambandsþing UMFÍ haldið í Stykkishólmi:
HSÞ – veitt verðlauð fyrir kröftugt og metnaðarfullt starf á sviði íþrótta- og æskulýðsmála á sambandssvæðinu í kjölfarið á sameiningu HSÞ og UNÞ.

17. október 2015, 49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal.
HSH, HSS, HHF, USK, UMFK, UMSB OG UDN – veitt verðlaun fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótta- og ungmennafélagsstarf í tengslum við samstarfsverkefnið SamVest.

15. október 2016, 40. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn að Laugum í Sælingsdal.
Frjálsíþróttaráð HSK - starfsemi ráðsins hefur verið öflug undanfarin ár og þar ber fyrst að nefna að ráðið heldur árlega átta héraðsmót innan- og utanhúss og hefur þátttaka verið góð.




UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ
UMFÍ

# HEIÐRANIR

## HEIÐURSFÉLAGAR UMFÍ

| | |
|---|---|
| Jóhannes Jósefsson | 1927/1957 |
| Þórhallur Björnsson | 1927 |
| Helgi Valtýsson | 1927/1957 |
| Guðmundur Jónsson frá Mosdal | 1933 |
| Vigfús Guðmundsson | 1940 |
| Björn Guðmundsson | 1943 |
| Björn Jakobsson | 1946 |
| Bernharð Stefánsson | 1957 |
| Guðbrandur Magnússon | 1957 |
| Jón Helgason | 1957 |
| Anders Skåsheim | 1957 |
| Eiríkur J. Eiríksson | 1969 |
| Sigurður Greipsson | 1969 |
| Skúli Þorsteinsson | 1971 |
| Þorsteinn Einarsson | 1982 |
| Hafsteinn Þorvaldsson | 1987 |
| Guðjón Ingimundarson | 1987 |
| Sigurður Geirdal | 1993 |
| Pálmi S. Gíslason | 1997 |
| Þórir Jónsson | 2005 |
| Björn B. Jónsson | 2011 |

## GULLMERKI UMFÍ

| | |
|---|---|
| Daníel Ágústínusson, UMFÍ | 1972 |
| Þorsteinn Einarsson | 1972 |
| Jón Stefánsson, UMSE | 1972 |
| Ármann Pétursson, UMFÍ | 1973 |
| Gísli Andrésson, UMSK | 1973 |
| Stefán Ólafur Jónsson, UMFÍ | 1973 |
| Kjartan B. Guðjónsson GLÍ | 1975 |
| Valdimar Óskarsson, UMFÍ | 1975 |
| Óskar Ágústsson, HSÞ | 1976 |
| Gunnar Sveinsson, Keflavík | 1977 |
| Pálmi S. Gíslason, UMSK | 1978 |
| Jóhannes Sigmundsson, HSK | 1981 |
| Þórir Þorgeirsson, HSK | 1981 |
| Hafsteinn Þorvaldsson, HSK | 1981 |
| Gísli Halldórsson, ÍSÍ | 1982 |
| Hermann Guðmundsson, ÍSÍ | 1982 |
| Sveinn Björnsson, ÍSÍ | 1982 |
| Guðjón Ingimundarson, UMSS | 1984 |
| Páll Aðalsteinsson, UMSK | 1984 |
| Axel Jónsson, UMSK | 1985 |
| Þórður J. Pálsson | 1985 |
| Bergur Torfason, HVÍ | 1987 |
| Björn Ágústsson, UÍA | 1987 |
| Diðrik Haraldsson, HSK | 1987 |
| Jón G. Guðbjörnsson, UMSB | 1987 |
| Þóroddur Jóhannsson, UMSE | 1987 |
| Guðmundur H. Sigurðsson., USVH | 1991 |
| Hörður S. Óskarsson, Vesturhlíð | 1992 |
| Magndís Alexandersdóttir, HSH | 1992 |
| Þórir Jónsson, UMSB | 1992 |
| Sveinn Jónsson, UMSE | 1992/2002 |
| Dóra Gunnarsdóttir, UÍA | 1993 |
| Reynir G. Karlsson, UMSK | 1993 |
| Finnur Ingólfsson, USVS | 1997 |
| Kristján Yngvason, HSÞ | 1997 |
| Matthías S. Lýðsson, HSS | 1997 |
| Ólína Sveinsdóttir, UMSK | 1997 |
| Sigurlaug Þ. Hermannsdóttir, USAH | 1997 |
| Sigurbjörn Gunnarsson, Keflavík | 1999 |
| Þórir Haraldsson, HSK | 2000 |
| Ingimundur Ingimundarson, UMSB | 2001 |
| Magnús Jakobsson, UMSB | 2001 |
| Hafsteinn Pálsson, UMSK | 2002 |
| Jóhann Ólafsson, UMSE | 2002 |
| Kristín Gísladóttir, HHF | 2003 |
| Einar K. Jónsson, Vesturhlíð | 2003 |
| Haraldur Þ. Jóhannsson, UMSS | 2004 |
| Ellert B. Schram, ÍSÍ | 2006 |
| Gunnlaugur B. Gunnlaugsson, UMFF | 2006 |
| Arnór Benónýsson, HSÞ | 2006 |
| Páll Ragnarsson, UMSS | 2007 |
| Gunnar Ingi Birgisson, UMSK | 2007 |
| Björn Bjarndal Jónsson, HSK | 2007 |
| Anna R. Möller, UMSK | 2007 |
| Helga G. Guðjónsdóttir, HSK | 2008 |
| Snorri Hjaltason, UMFF | 2008 |
| Sigurður Guðmundsson., UMSK | 2009 |
| Guðmundur Kr. Jónsson, HSK | 2010 |
| Ásdís Helga Bjarnadóttir, UMSB | 2010 |
| Guðmundur Sigurðsson UMSB | 2011 |
| Björn Ármann Ólafsson UÍA | 2012 |
| Jóhann Tryggvason UÍA | 2013 |
| Stefán Þorleifsson UÍA | 2013 |
| Einar Haraldsson Keflavík | 2014 |
| Ester Jónsdóttir UMSK | 2014 |
| Svanur Gestsson UMSK | 2014 |
| Albert Valdimarsson UMSK | 2014 |
| Engilbert Olgeirsson HSK | 2014 |
| Sigfús Haraldur Bóasson HSÞ | 2014 |
| Anna Sigrún Mikaelsdóttir HSÞ | 2014 |
| Ólafur Thordersen UMFN | 2014 |
| Friðrik Pétur Ragnarsson UMFN | 2014 |
| Páll Kristinsson UMFN | 2014 |
| Jón Páll Hreinsson HSV | 2014 |
| Hermann Níelsson HSV/UÍA | 2014 |
| Kári Gunnlaugsson Keflavík | 2015 |
| Hringur Hreinsson UMSE | 2015 |
| Sæmundur Runólfsson USVS | 2015 |
| Snorri Olsen UMSK | 2016 |
| Valdimar Leó Friðriksson UMSK | 2016 |
| Aðalbjörg Valdimarsdóttir USAH | 2016 |
| Þórður Magni Kjartansson Keflavik | 2017 |
| Birgir Ingibergsson Keflavík | 2017 |
| Björg Jakobsdóttir UMSK | 2017 |

## STARFSMERKI UMFÍ

### Keflavík íþrótta- og ungmennafélag

| | |
|---|---|
| Einar Helgi Aðalbjörnsson | 2016 |
| Oddur Sæmundsson | 2016 |
| Bjarni Sigurðsson | 2017 |
| Kristján Þór Karlsson | 2017 |

### Ungmennafélag Njarðvíkur (UMFN)

| | |
|---|---|
| Þórunn Friðriksdóttir | 2017 |
| Kristinn Pálsson | 2017 |

### Ungmennafélagið Þróttur (UMFÞ)

| | |
|---|---|
| Magnús Hersir Hauksson | 2016 |

### Ungmennafélagið Fjölnir (UMFF)

| | |
|---|---|
| Sveinn Þorgeirsson | 2017 |

### Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK)

| | |
|---|---|
| Þórður St. Guðmundsson | 2016 |
| Hannes Strange | 2016 |
| Sæmundur Hafsteinn Jóhannesson | 2016 |
| Steinar Lúðvíksson | 2016 |
| Páll Grétarsson | 2016 |
| Kristján Jónatansson | 2016 |
| Eiríkur Mörk | 2017 |

### Ungmennafélagið Skipaskagi (USK)

| | |
|---|---|
| Stefán Skafti Steinólfsson | 2017 |

### Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB)

| | |
|---|---|
| Pálmi Ingólfsson | 2016 |
| Íris Grönfeldt | 2017 |

### Ungmennasamband Dalamanna og Norður- Breiðfirðinga (UDN)

| | |
|---|---|
| Arnar Eysteinsson | 2017 |
| Þórður Ingólfsson | 2017 |

### Héraðssambandið Hrafna-Flóki (HHF)

| | |
|---|---|
| Kristrún Guðjónsdóttir | 2016 |

### Héraðssamband Vestfjarða (HSV)

| | |
|---|---|
| Guðni Guðnason | 2017 |

### Héraðssamband Strandamanna (HSS)

| | |
|---|---|
| Guðbjörg Hauksdóttir | 2016 |

### Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga (USVH)

| | |
|---|---|
| Þorleifur Karl Eggertsson | 2016 |
| Agnar Levy | 2017 |
| Magnús Magnússon | 2017 |

### Ungmennasamband Austur-Húnvetninga (USAH)

| | |
|---|---|
| Hafdís Vilhjálmsdóttir | 2016 |
| Pétur Pétursson | 2016 |
| Valur Magnússon | 2016 |

### Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS)

| | |
|---|---|
| Friðbjörg Vilhjálmsdóttir | 2017 |
| Ingimar Ingimarsson | 2017 |
| Símon Ingi Gestsson | 2017 |

### Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF)

| | |
|---|---|
| Margrét Einarsdóttir | 2016 |
| Sigurður Gunnarsson | 2016 |
| Sigurpáll Gunnarsson | 2016 |

### Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE)

| | |
|---|---|
| Þorgerður Hauksdóttir | 2016 |
| Þorsteinn Marinósson | 2017 |

### Ungmennafélag Akureyrar (UFA)

| | |
|---|---|
| Ásgeir Már Hauksson | 2016 |
| Gyða Árnadóttir | 2017 |

### Héraðssamband Þingeyinga (HSÞ)

| | |
|---|---|
| Arngeir Friðriksson | 2016 |
| Helen Jónsdóttir | 2017 |
| Kristján I. Jóhannesson | 2017 |

### Ungmenna- og íþróttasamband Austurl. (UÍA)

| | |
|---|---|
| Einar Björn Kristbergsson | 2016 |
| Þóroddur Helgason | 2017 |
| Gunnar Gunnarsson | 2017 |
| Sigurbjörg Hjaltadóttir | 2017 |

### Ungmennasambandið Úlfljótur (USÚ)

| | |
|---|---|
| Matthildur Ásmundardóttir | 2016 |
| Arna Ósk Harðardóttir | 2017 |

### Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK)

| | |
|---|---|
| Baldur Gauti Tryggvason | 2016 |
| Stefán Geirsson | 2016 |
| Olga Bjarnadóttir | 2017 |
| María Rósa Einarsdóttir | 2017 |
| Valdimar Hafsteinsson | 2017 |

### Ungmennafélag Kjalnesinga (UMFK)

| | |
|---|---|
| Íris Fjóla Bjarnadóttir | 2016 |
| Karl Davor Karlsson | 2016 |
| Birna Jóhanna Ragnarsdóttir | 2016 |

Listi yfir þá sem hafa fengið starfsmerki UMFÍ miðast hér aðeins við árin 2016 - 2017. Heildarlista má sjá á www.umfi.is




## UMFÍ BYGGIR Á TRAUSTUM STJÓRNARHÁTTUM

UMFÍ leggur áherslu á gott skipulag og fagleg vinnubrögð og að þau séu gagnsæ og skilvirk með ábyrgð og lýðræði að leiðarljósi

# FUNDIR

## 40. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Í setningarræðu sinni lagði hann áherslu á vinnu við stefnumótun UMFÍ sem staðið hafði yfir frá sambandsþingi á Vík Í Mýrdal ári fyrr. Á fundinum var stefnan lögð fram til samþykktar og sagðist Haukur binda vonir við að hún yrði samþykkt til að auka allan samhljóm í starfsemi innan og á vegum ungmennafélaganna.

Hann sagði:
„Ég tel að við getum með samþykkt stefnunnar aukið gæði okkar starfs, aukið traust á starfi samtakanna, aukið samheldni og samstöðu innan hreyfingarinnar og að starfið verði markvissara og skemmtilegra.“

Haukur ræddi líka um landsmót DGI í Danmörku sem lið í því að styrkja landsmót UMFÍ og samvinnu UMFÍ og ÍSÍ en hún hafði aukist talsvert. Verkefninu Sýnum karakter hafði þá um hálfum mánuði áður verið ýtt úr vör. Haukur fagnaði samvinnunni og hvatti til þess að hafa augun opin fyrir meiri samvinnu með skólum og með öðrum félagasamtökum til hagsbóta fyrir alla sambandsaðila.

## VORFUNDUR UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn laugardaginn 20. maí í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli. Á fundinn mættu sem fyrr stjórn UMFÍ auk formanna og framkvæmdastjóra sambandsaðila UMFÍ. Á fundinum flutti markþjálfinn og íþróttakennarinn Jón Halldórsson erindi um leiðtoga og sterka sjálfsmynd einstaklinga. Í erindinu sagði hann m.a. að sé vilji til þess að ná árangri sem hópur þá verði að vinna með styrkleika einstaklinga í hópnum en ekki miða út frá veikleikum þeirra. Jón lýsti því m.a. hvernig fólk leitar oftast að veikleikum sínum og reyni að vinna í því að bæta þá. Það ætti ekki að gera heldur vinna með styrkleikana. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, hélt jafnframt erindi fyrir stjórnendur sambandsaðila um skjalastjórnarkerfið Coredata.

Vorfundurinn var haldinn á Hvolsvelli samhliða Umræðupartýi UMFÍ. Það er vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 15-25 ára. Með sameiginlegum fundum gefst ungu fólki í grasrót UMFÍ tækifæri til að ræða við stjórnendur í hreyfingunni og koma skoðunum sínum á framfæri. Á sama tíma gefst þar stjórnendum kostur á að ræða bæði sín á milli og við ungt fólk í grasrótarstarfi ungmennafélagshreyfinngarinnar.

## STJÓRNARFUNDIR

Alls voru haldnir 21 stjórnarfundir hjá UMFÍ á starfstímabili stjórnarinnar. Fundirnir voru haldnir víðsvegar um landið.

## FRAMKVÆMDASTJÓRNARFUNDIR

Alls voru haldnir 16 framkvæmdarstjórnarfundir á starfstímabili stjórnar. Flestir fundirnir voru haldnir í Reykjavík en einnig var notast við fjarfundarbúnað í miklum mæli.

**UMFÍ**
**29**
**SAMBANDSAÐILAR**
**346**
**FÉLÖG**





# LÖG UMFÍ

## I. kafli: Nafn, fáni og kjörorð

### 1. grein
Landssamband ungmennafélaga á Íslandi heitir Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. grein
Fáni UMFÍ er Hvítbláinn. Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt. Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess.

## II. kafli: Markmið UMFÍ

### 3. grein
Markmið UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Markmiði sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna að líkamlegum og félagslegum þroska félagsmanna sinna með því að gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi. Standa fyrir iðkun íþrótta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu. Varðveita menningarlegt og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Starfa í anda friðar og jafnréttis. Vinna gegn neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna. Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd. Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra. Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, átthaga og ættjörð.

## III. kafli: Réttindi og skyldur

### 4. grein
UMFÍ skiptist í héraðssambönd og ungmennasambönd. Einnig geta ungmennafélög innan héraðssambanda og ungmennasambanda sem ekki eru aðilar að UMFÍ og ungmennafélög á svæðum þar sem slík sambönd eru ekki starfandi, gerst aðilar að UMFÍ. Aðilar að UMFÍ skulu hafa heitin „héraðssamband“, „ungmennasamband“ eða „ungmennafélag“ í heiti sínu.

### 5. grein
Inntökubeiðni héraðssambands eða félags í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum þess sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar inntöku, en stjórn UMFÍ getur veitt félagi bráðabirgðaaðild milli þinga. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og héraðssamböndum úr UMFÍ.

### 6. grein
Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi. Skal segja til þess á sambandsþingi UMFÍ. Aðili sem gengið hefur úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.

### 7. grein
Hvert félag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum reglulegum félagsmanni fullra sextán ára og eldri eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda skýrsluna, ásamt félagaskrá með kennitölum, í tveimur eintökum til héraðssambands. Héraðssamband sendir annað eintakið til UMFÍ fyrir lok aprílmánaðar. Skylt er héraðssamböndum að semja skýrslu á sama hátt. UMFÍ leggur til skýrslueyðublöð.

### 8. grein
Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundi ungmennafélaganna.

## IV. kafli: Stjórnun UMFÍ

### 9. grein
Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvort ár.
